



ÁRSSKÝRSLA

MYNDLISTASKÓLINN



2017

Í

REYKJAVÍK

Myndlistaskólinn í Reykjavík

www.mir.is

www.facebook.com/myndlistaskolinn

Umsjón og ábyrgð: Áslaug Thorlacius

Myndir: Ýmsir

Prentun: Guðjón Ó

Umbrot: Hrönn Magnúsdóttir

Kápuhönnun: GUNMAD

Mynd á annari opnu: Verkefni nemanda í íslensku á 2. ári listnámsbrautar,
unnið eftir lestur á skáldsögu eftir Auði Övu Ólafsdóttur.

Kennarar: Halla Kjartansdóttir og Þórunn María Jónsdóttir

Á öftustu opnu: Börn af leikskólanum Drafnarsteini.

Kennari: Elsa Dóróthea Gísladóttir

Útgefið í mars 2018

Ávarp skólastjóra

Myndlistaskólinn í Reykjavík náði fullorðinsaldri árið 2017 en þá fyllti hann sjöunda tuginn. Þrátt fyrir virðulegan aldur getur skóli ekki sest í helgan stein og á árinu var enn haldið áfram að fínstillta og snurfusa námsframboð og aðstöðu. Smiðshögggið var rekið á nýjar brautarlýsingar skólans en eftir var að endurskrifa lýsingar á keramik-, teikni- og textílbrautum til samræmis við gildandi aðalnámskrá. Lýsingar fyrir listnáms- og listmálarabraut höfðu þegar verið staðfestar af menntamálaráðherra en þar sem umræddar þrjár brautir voru formlega hluti af námsbrautum Tækniskólans til vors 2017 var þetta ekki gert fyrr. Enn er verið að kenna gömlu brautirnar þar sem eðlilegt er að nemandi ljúki þeirri braut sem hann byrjar á. Allar þrjár deildir útskrifa hinsvegar stærstan hluta sinna nemenda í vor og nýir nemendahópar hefja nám á nýjum brautum haustið 2018.

Þegar á annað borð var farið að vinna í brautunum var færið nýtt til að gera breytingar. M.a. þurfti að skerpa á þeirri breidd sem nám við skólann inniheldur og draga betur fram í dagsljósið þá staðreynd að hluti þess er af fræðilegum toga. Þegar nemendur sækja um frekara nám við aðra skóla er mikilvægt að allir þættir þess náms sem þeir eiga að baki komi skýrt fram. Fræðilegi þátturinn er ekki nýr af nálinni en á gömlu brautunum er hluta hans fléttað inn í verklega áfanga og fyrir vikið er erfiðara að greina hann úr. Fræðilegu námi er fyrst og fremst ætlað að dýpka þekkingu nemandans á viðfangsefni sínu en það felst í fagsögu viðkomandi greinar, listasögu og heimspeki auk þess sem nemendur kynnast starfsumhverfi og stofnun og rekstri fyrirtækja. Ennfremur er vikuleg málstofa í stundaskrá allra brauta allan námstímann. Undir málstofu fellur umræða um fagið á breiðum grundvelli og byggist hún m.a. á greinalestri, fyrirlestrum, heimsóknum á sýningar og vinnustaði og ýmsu því sem hæst ber og að höndum ber á hverjum tíma. Þótt við öndum vissulega léttar eftir að þessi mikla vinna er að baki má gera ráð fyrir að þess sé ekki langt að bíða að endurskoða þurfi nám við skólann að nýju. Hugmyndir um nám taka sífelldum breytingum og því munum við áfram verða að halda vöku okkar. Ekki viljum við að skólinn staðni. Það sama gildir um aðstöðu og umhverfi. Árið 2017 var enn unnið að því að bæta aðstöðu nemenda, starfsfólks og kennara og auka nýtingu, öryggi og hreinlæti húsnæðisins. Flestir sem vinna mikla tölvuvinnu hafa nú fengið hæðarstillanleg skrifborð og lúnum skrifstofustólum var skipt út fyrir yngri og minna notaða. Í kaffistofu nemenda var skipt um borð og stóla og eitt og annað var endurnýjað hér og þar. Hagsýnin er ávallt leiðarljós og megnið af húsgögnum og búnaði var keypt notað fyrir lítið fé, annað gjarnan heimasmiðað. Stundum höfum við talað um að nóg sé komið af framkvæmdum og mál sé að linni. Samt höldum við alltaf áfram að breyta og bæta. Viðhald og umbætur eru eðlilegur hluti af því að eiga fasteign og það kemur fljótt í bakið á manni ef maður hættir að sinna því. Ég á ekki von á að við munum nokkurn tíma ljúka framkvæmdum endanlega.

Fyrir tveimur árum var ákveðið að endurnýja grafískt viðmót skólans og er umbreytingin nú að mestu afstaðin. Nýja útlitið hefur sterka tengingu við það gamla þótt breytingin sé talsverð og við verðum lítið vör við annað en almenna ánægju með það kynningarefni sem skólinn hefur láta gera að undanfögnu. Það má vel koma fram að þessu verkefni fylgdi líka gríðarleg vinna, ekki síst nýja vefnum.


Gott að það er að mestu frá.

Líklega tengist næsta stóra verkefni okkar húsnæði því líkurnar á því að skólinn færi sig um set í náinni framtíð aukast sífellt. Ég yrði ekki hissa þótt næsta skýrsla fjallaði fyrst og fremst um þau mál og því hef ég þau orð ekki fleiri að sinni.

Áslaug Thorlacius

EFNISYFIRLIT:

SKÝRSLA STJÓRNAR SJÁLFEIGNARSTOFNUNARINNAR	6
NÁMSRÁÐGJÖF	9
BÓKASAFN	9
ALPJÓÐLEGT SAMSTARF	8
BARNA- OG UNGLINGADEILD	10
ALMENN NÁMSKEIÐ	15
STARFSFÓLK OG SKIPURIT	16
LISTNÁMSBRAUT	17
LISTNÁMSDEILD	20
DIPLÓMADEILDIR	22
MÁLARALIST	22
KERAMIK	24
TEIKNING	26
TEXTÍLL	28
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR	30
BRAUTSKRÁÐIR NEMENDUR	32
FÉLAGATAL	33



SKÝRSLA STJÓRNAR

Aðalfundur Myndlistaskólans í Reykjavík fór fram 15. maí 2017. Fundurinn hófst kl. 18:00 en félagsmenn voru hvattir til að mæta með góðum fyrirvara og gefa sér tíma til að skoða vorsýningu nemenda sem stóð yfir í húsnæði skólans. Margir tóku þeirri áskorun enda var þetta lokadagur sýningarinnar. Fundinum lauk á kynningu Margrétar Norðdahl á tveggja ára myndlistarnámi fyrir nemendur með þroskahömlun.

Haraldur Jónsson var kosinn í stjórn félags Myndlistaskólans í Reykjavík í stað Ingibjargar Jóhannsdóttur. Ingibjörg tók hinsvegar sæti Bjarka Bragasonar í stjórn skólans. Sigríður Melrós og Elsa Dórothea voru endurkjörnar sem félagslegir skoðunarmenn.

Að fundinum loknum var stjórn félagsins því þannig skipuð: Elsa Dórothea Gísladóttir, Eygló Harðardóttir, Haraldur Jónsson, Herdís Ellen Gunnarsdóttir, Kristín Reynisdóttir, Ólöf Erla Bjarnadóttir og Sólveig Aðalsteinsdóttir.

Í stjórn skólans sitja: Brynhildur Pálsdóttir sem tók að sér formennsku á fyrsta fundi, Guðjón Ketilsson og Ingibjörg Jóhannsdóttir sem eru aðalmenn en varamenn eru Hildigunnur Birgisdóttir og Margrét H Blöndal.

Stjórn skólafélagsins stóð að vanda fyrir hinu árvissa og vinsæla jólaboði sem að þessu sinni var haldið 15. desember.

Stjórn skólans hélt 4 fundi á árinu 2017, auk þess að fara í nokkra leiðangra til að skoða hús. Meðal þess helsta sem rætt var á fundum voru húsnæðismál, starfsmannamál, vefsíða, samstarf við aðra skóla, samningar við hið opinbera, launamál og almennt um fjármál og rekstur skólans.

ÚTSKRIFT Á KJARVALSSTÖÐUM

Þann 23. maí 2017 útskrifuðust 55 nemendur frá Myndlistaskólanum í Reykjavík við hátíðlega athöfn að Kjarvalsstöðum. 10 útskrifuðust með stúdentspróf af listnámsbraut, 28 luku fornámi, 4 útskrifuðust úr diplómanámi í keramik og 1 úr diplómanámi í textíl. 12 útskrifuðust úr tveggja ára námi í myndlist fyrir nemendur með þroskahömlun.

STARFSFÓLK

Ólöf Erla Bjarnadóttir sagði lausu starfi sínu sem deildarstjóri keramikdeilda. Umsækjendur um starfið voru fjórir og var Sigurlína Osuala ráðin. Við það losnaði staða deildarstjóra barna- og unglingsdeilda sem Sigurlína hafði gegnt. 10 umsóknir bárust og var Charlotta Ragnheiður Magnúsdóttir ráðin. Halldóra Ingimarsdóttir sagði lausu starfi sínu sem umsjónarmaður nemendabókhalds, vefsíðu og kynningarmála. 9 umsóknir bárust og var Helga Björk Ottósdóttir ráðin í hennar stað.

Árinu lauk með starfsmannasamtölum þar sem hver

og einn af föstum starfsmönnum skólans áttu klukku-stundarspjall við skólastjóra. Samtölin skiluðu miklu og í framhaldi af þeim var ráðist í ýmsar umbætur.

SAMNINGAR VIÐ RÍKI OG BORG

Að þessu sinni var samningur við Reykjavíkurborg um árið 2017 ekki undirritaður fyrr en í júnílok. Í samræmi við óskir skólans um að gera samning um skólaár í stað almanakárs var ákveðið að hann gilti aðeins til áramóta. Nýta átti haustið til að ræða um nýja útfærslu á framtíðarsamningum milli borgarinnar og skólans en skólinn hefur boðið borginni að taka að sér stærri verkefni í tengslum við samstarf við leik- og grunnskóla. Haustið leið án þess að fundað væri um málið. Áslaug og Charlotta fengu þó fund með borgarstjóra í október þar sem þær ræddu hugmyndir um stóraukið samstarf. Borgarstjóri tók afar vel í málið en lítið varð samt úr frekara samtali á árinu.

Diplómanám við skólann sem verið hafði undir Tækniskólanum færðist til Myndlistaskólans um mitt ár. Viðauki var gerður við þjónustusamning skólans við ríkið sem rennur út vorið 2018. Námsbrautarlýsingar fyrir keramik, teikni- og textílbrautir voru endurskrifaðar í upphafi árs og var þeim skilað inn í byrjun apríl og fóru þær án athugasemda frá menntamálastofnun til ráðuneytisins. Ráðherra staðfest brautarlýsingarnar 28. nóvember.

Um vorið lauk fyrsti hópur nemenda með þroskahömlun tveggja ára myndlistarnámi fyrir nemendur sem lokið hafa starfsbraut framhaldsskóla. Ekki fékkst fjárveiting frá ríkinu til að hægt væri að bjóða öðrum hópi nemenda að hefja nám um haustið þrátt fyrir góðan árangur nemenda, stuðning hagsmunasamtaka fatlaðs fólks, mikinn áhuga fjölmiðla og góðan stuðning frá samfélaginu almennt.

SAMSTARF VIÐ SKÓLA ERLENDIS

Á áru var undirritað minnisblað um samstarf við Leeds Arts University sem m.a. felur í sér möguleika á kennara- og starfsmannaskiptum. Ennfremur er þar kveðið á um að nemendur úr málalari, teikningu og textíl geti sótt um inngöngu á 2. ár í námi til BA-prófs.

Í apríl fór Áslaug til Bornholm í einkaerindum og notaði tækifærið og heimsótti keramikdeild Akademiunnar. Fékk hún góðar móttökur þar sem og í hönnunardeildinni í Kaupmannahöfn en hún leit líka við þar.

Anna námsráðgjafi fór til Færeyja í einkaerindum og notaði tækifærið og kynnti Myndlistaskólann fyrir hugsanlegum nemendum.

Áslaug fór til Abu Dhabi í nóvemberbyrjun í boði New York University og var þar ásamt stjórnendum 30 skóla víðsvegar að úr heiminum en skólarnir voru valdir með það fyrir augum að búa til tengslanet fyrir NYU Abu Dhabi. Ferðin var öll hin áhugaverðasta og skólinn vel

búinn og um margt áhugaverður. Gæði nýlega stofnaðrar myndlistardeildar eru þó tæpast enn nægileg til að ástæða sé til að hvetja nemendur til að sækja um þar en mögulega tekst stjórnendum deildarinnar að ráða fram úr þeim byrjunarörðugleikunum og þá er þetta spennandi kostur.

ÖNNUR SAMSTARFSVERKEFNI

Samtökin Circular Ocean héldu frumkvöðlaráðstefnu á Íslandi undir yfirskriftinni *Circular Thinking in Reykjavík*. Ráðstefnan var haldin í júlí í samstarfi við Myndlistaskólann og Nýsköpunarmiðstöð. Um var að ræða tveggja daga viðburð en fyrri daginn voru þátttakendur í Nýsköpunarmiðstöð og hlýddu á ýmsa fyrirlestra fræðimanna og sérfræðinga. Síðari daginn fór fram verklegt „nethakk“ í húsnæði skólans en markmiðið var að koma með hugmyndir að hugsanlegum vörum til að framleiða úr notuðum veiðarfærum. Á fjórða tug tóku þátt í verkefninu, bæði heimamenn og fólk frá öðrum löndum og komu margar áhugaverðar hugmyndir fram.

Að vanda átti skólinn samstarf við Borgarbókasafn um myndasögusamkeppni og Hitt húsið um Myndlistar-marathon. Verðlaunin í báðum tilvikum voru námskeið við skólann.

Í tilefni af 30 ára afmæli menntaáætlunar ESB var haldin samkeppni meðal nemenda skólans um gerð *Erasmusins*, verðlaunagrips sem var afhentur við hátíðlega athöfn í Hörpu. Tveir nemendur í keramíki unnu samkeppnina með fallegum grip sem var í raun gipsmót.

BÓKAÚTGÁFA OG AFMÆLISHÁTÍÐ

70 ára afmæli skólans var haldið hátíðlega með ýmsum hætti. Gefin var út bók um útisýningarnar á Skólavörðuholti en sýningarnar voru skólasýningar Myndlistaskólans. Frumkvæðið kemur frá Ingu Ragnarsdóttur myndlistarmanni sem skrifaði megintexta bókarinnar en hún hefur rannsakað sögu sýninganna ásamt Kristínu Guðnadóttur listfræðingi. Auk þeirra sátu í ritstjórn Áslaug Thorlacius, skólastjóri Myndlistaskólans og Kristinn E Hrafnsson, fulltrúi Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík. Bókin kom formlega út laugardaginn 2. september og var útgáfuteiðið haldið í Ásmundarsal.

9. desember 2017 voru liðin 70 ár frá því að fyrsta kennslustundin fór fram í skólanum. Hún var upphafið á námskeiði í teikningu og litameðferð og kennarinn var Waistel Cooper, skoskur málari sem síðar sneri sér að keramíki. Afmælið bar upp á laugardag og var húsið opnað og gestum boðið upp á ókeypis nám í teikningu og litameðferð á nokkrum stöðvum. Dagurinn heppnaðist vel þótt gestir hefðu að ósekju mátt vera fleiri. Þeir gestir sem gáfu sér tíma til að líta við voru mjög ánægðir með uppátækið en þeirra á meðal var nýr menntamálaráðgjafi sem kom ásamt ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanni. Veitingastaðurinn á fyrstu hæð bauð upp á ýmskonar veitingar á tilboðsverði.

NÝR VEFUR

Í tilefni af afmælinu fékk skólinn nýtt grafískt útlit en vinnan hefur tekið tvö ár. Auglýsingar og kynningarefni hefur á þeim tíma smám saman verið að taka á sig nýja mynd og nýr vefur fór í loftið í lok nóvember.

TÖLVUMÁL

Um sumarið voru 10 tölvur keyptar inn í tölvuverið og jafnframt var gerður samningur um aðgang að Adobe Creative Cloud forritapakkanum. Breytingin er mjög mikil er nú hægt að kenna 18 nemendum eða heilum bekk í stofunni. Einnig opnar það tækifæri til að bjóða upp á námskeið í tölvuverinu. Kennarar og nemendur við skólann fá aðgang að skýinu gegn afar vægri greiðslu. Á árinu var enn fremur fjárfest í nýju bókhaldskerfi sem býður upp á mun fleiri möguleika en það gamla.

SKÓLAKYNNINGAR

Skólinn tók þátt í *Verkið*, námskynningu verknáms-skólanna sem fram fór í Laugardalshöll í mars. Anna námsráðgjafi og Halldóra héldu utan um það. Ekki var haldið opið hús á haustönn þar sem samtök sjálfstæðra listaskóla höfðu ákveðið að halda opið hús á sama tíma í febrúar 2018.

HÚSNÆÐISMÁL

Húsnæðismál voru mikið til umræðu en eigendur hótelsins hafa gert skólanum fjölmörg kauptilboð, bæði um að byggja nýtt hús yfir skólann, kaupa eignir og hafa makaskipti og eins hefur starfsfólk skólans skoðað hús til sölu á almennum markaði. Ekki náðist nein niðurstaða á árinu. Hótelíð leigði yfir sumarmánuðina eina af stofum sjónlistadeildar á 3. hæð undir skrifstofu og herbergið á ganginum undir töskugeymslu.

UMBÆTUR Á AÐSTÖÐU

Umbætur voru gerðar í textílstofunni sem bæta nýtinguna á rýminu. Einnig voru gerðar breytingar á aðstöðu í keramíki, t.d. voru birgðahillur og gifsplötur í hnoðrými endurnýjaðar. Ýmsar smávægilegar breytingar voru gerðar hér og hvar, t.d. var inngangi í barnastofur breytt en fyrir vikið stækka stofurnar, keyptir voru nýir loftlampar í stóran hluta skólans en þeir gömlu voru orðnir mjög úr sér gengnir.

Í sjónlistadeild var ýmsu hagrætt, s.s. vöskum og geymslum og geymsluaðstaða nemenda var bætt til muna. Kennaraherbergi á stigagangi var endurbætt og opnað fram á ganginn í þeim tilgangi að gera það aðgengilegt fyrir kennara fleiri deilda. Ný plata var útbúin í grafíkpressuna.

Smíðuð voru létt borð fyrir matsal nemenda og keypt ódyr en vel með farin notuð húsgögn, bæði hæðarstillanleg skrifborð og skrifstofustólar fyrir starfsfólk og stólar fyrir kaffistofur starfsmanna og nemenda. Leiðarljósið er að auðvelt sé að stafla og raða húsgögnum.

TIL UPPLÝFTINGAR

Hópur starfsmanna og kennara við skólann fóru í afskaplega vel heppnaða gönguferð um Cinque Terre á Ítalíu í páskaleyfinu. Einar Garibaldi skipulagði ferðina og sá til þess að enginn villtist og öllum liði vel þegar út var komið.

Hin stórskemmtilega skemmtinefnd skólans, Björg, Ragna og Margrét, skipulagði óvissuferð fyrir fasta starfsfólkið 19. júní. Leiðin lá um Þingvelli með áningu við Hraunkot, Hvalfjörð með baggalútalet á Hvalfjarðar eyri og ekið var vítt og breitt um Gullbringu- og kjósarsýslu og Borgarfjörð. Lokapunkturinn var reiðtúr og kvöldmáltíð hjá heiðurshjónum nokkrum í Reykholtssdal.

Keramikdagur starfsfólks var haldinn á haustmisseri og árangurinn er fjöldi fagurmótaðra kaffibolla í kaffistofu starfsmanna en margupphnoðaður leir var nýttur til verksins.

Síðasta dag fyrir jólafrí var farið í heimsókn á lögmannsstofu við Tjarnargötu en húsið er í eigu ættingja Júlíönu Sveinsdóttur. Tilefni heimsóknarinnar var myndvefstoð Júlíönu sem geymdur hefur verið í skólanum um árabíl. Ákveðið var að reyna að koma honum í hendur einhverra sem gætu sýnt honum meiri sóma og með leit á netinu fannst kona af ætt listakonunnar sem á sínum tíma ætlaði að opna sérstakt safn í húsi fjölskyldunnar við Tjarnargötu. Þar sem hvorki ríki né borg vildu styrkja það verkefni er lögmannsstofan prýdd verkum listakonunnar. Stóllinn er nú kominn þangað og fyrir varðveisluna öll þessi ár fékk starfsfólkið að skoða verkin.

DAGSETNINGAR OG VIÐBURÐIR Í SKÓLASTARFINU

- 4. janúar: Skólinn opnaði á ný að loknu jólafrí
- 20. febrúar: Vetrarfrí
- 14. febrúar: Kennsla hófst í nýju útibúi skólans á Korpúlfsstöðum
- 2. mars: Námskynning á Suðurnesjum
- 4. mars: Opinn fyrirlestur, Steven West þrjónahönnuður
- 9. mars: Stuttmyndin *Maðurinn sem minnkaði vistsporði sitt* sýnd dagskólanemum
- 16. - 18. mars: Framhaldsskólakynning í Laugardalshöll
- 19. mars - 1. apríl: Nemendur í teiknideildinni, námsferð til Bretlands
- 24. mars: Nemendur á keramikbraut opna sýningu í Kirsuberjatrénu. Opinn fyrirlestur, *Identity in Creativity*, Gabriela Sánchez y Sánchez, gestakennari við textílbraut
- 28. mars: Opnað fyrir umsóknir um nám á listnámsbraut og í keramik
- 29. - 30. mars: *Hænan mín*, listasmiðja á Barnamenningarhátíð í Reykjavík, í samstarfi við Húsdýragarðinn
- 8. - 15. apríl: Starfsmannaferð til Cinque Terre
- 20. apríl: Sumardagurinn fyrsti, Opið hús, sýning á verkum nemenda á námskeiðum skólans
- 22. apríl - 6. maí - Ferð textíleiddar til Parísar, London og Skotlands.

27. apríl: Opinn fyrirlestur, Alexis Deacon, gestakennari við teiknibraut

27. apríl: Skráning hófst á sumarnámskeið

11. - 16. maí: Vorsýning skólans í húsnæði skólans

12. maí: Pylsupartí fyrir nemendur

15. maí: Aðalfundur skólans

23. maí: Útskriftarhátíð á Kjarvalsstöðum. Umsóknarfrestur um nám á listnámsbraut rann út

29. maí: Umsóknarfrestur um nám á keramikbraut rann út

12. - 30. júní: Sumarnámskeið

17. júní: 7 börn fóru ásamt foreldrum og 2 kennurum skólans til Danmerkur

19. júní: Óvissuferð starfsfólks

1. júlí - 7. ágúst: Lokað vegna sumarleyfa

18. júlí: Nýsköpun ráðstefnan *Endurnýting á notuðum veiðarfærum*, „Nethakk“ í húsnæði skólans

8. ágúst: Skrifstofa skólans opnaði að loknu sumarleyfi

8. - 18. ágúst: Sumarnámskeið

10. ágúst: Skráning hófst á námskeið á haustönn

18. ágúst: Skólasetning

21. ágúst: Kennsla hefst í dagskóla.

2. september: Útgáfufagnaður í Ásmundarsal í tilefni af útkomu bókar um útisýningarnar á Skólavörðuholti.

4. - 15. september: Nemendur á listmálarabraut, námsferð til Hollands

19. - 29. september: Nemendur á 2. ári listnámsbrautar, námsferð til Prag

19. - 23. október: Vetrarfrí

27. október: Samstarfssamningur við Leeds Arts University undirritaður. Patrick Holley, kynningarfyrirlestur um Leeds Arts University

1. nóvember: Erasmus 30 ára, afhending Erasmusins í Hörpu

14. - 16. nóvember: Erasmusgestur í starfsþjálfun, Cath Johnson frá University of the Arts, London

14. - 17. nóvember: Barnamenningarhátíð í Aarhus, hópur á vegum barnaeldar tók þátt í smíðju. Kynning á verkefninu, *Kærleiksveran*

29. nóvember: Opið hús í kennslustofu skólans á Korpúlfsstöðum

9. desember: 70 ára afmælishátíð Myndlistaskólans

11. - 18. desember: Starfsmannaviðtöl

13. desember: Skráning á námskeið vorannar hófst

15. desember: Síðasti kennsludagur í dagskóla, jólaboð skólans

17. desember: Listmarkaður nemendafélagsins í samstarfi við Oddsson hostel

20. desember: Jólafrí starfsfólks skólans hófst

BÓKASAFN

Miklar breytingar voru gerðar á bókasafni skólans á árinu. Dyrnar voru breikkaðar og þröskuldur fjarlægður til þess að bæta aðgengi fatlaðra.

Safninu áskotnuðust tólf hillustæður frá Háskólanum í Reykjavík og var helmingur þeirra settur upp. Um leið voru gerðar ýmsar smávægilegar breytingar sem stuðluðu að bættri nýtingu rýmisins og betri vinnu- aðstöðu og þjónustu við nemendur og starfsfólk.

Sex sýningar voru haldnar á Gallerí vegg.

Heildarfjöldi skráðra eintaka í Gegni voru í árslok 7665. Þar af eru bækur 6.969 sem fjölgaði um 363 frá árinu áður. Skráðum útlánum fjölgaði um tæp 10%, fóru úr 1625 í 1783. Lánþegum fjölgaði einnig lítillega milli ára, fóru úr 231 í 239.

NÁMSRÁÐGJÖF

Anna Sigurðardóttir er í 20 % starfshlutfalli við skólann og hefur fastan viðtalstíma sem ákveðinn er í samráði við stjórnendur skólans. Árið 2017 var nemendum boðið að panta tíma á miðvikudögum. Netfangið namsrad(hjá) mir.is er netfang námsráðgjafa. Öllum fyrirspurnum er svarað eins fljótt og mögulegt er. Áhersla er lögð á heildræna nálgun þar sem nemendum er gefið tækifæri til að ræða hvað sem er með það að markmiði að ná árangri í því sem þeir eru að gera. Góð samvinna er á milli náms- og starfsráðgjafa á framhaldsskólastigi og tekur Anna þátt í því samstarfi eins og öðru samstarfi við ráðgjafa skóla. Námsráðgjafi er í nánú samstarfi við deildastjóra og skólastjóra Myndlistaskólans og kemur að fjölmörgum málum er snerta málefni nemenda.

Á vorönn sóttu nemendur úr öllum deildum skólans viðtöl við náms- og starfsráðgjafa. Á vorönn fara ennfremur fram skólakynningar af ýmsu tagi. Myndlistaskólinn í Reykjavík tekur þátt í almennum kynningum eins og aðrir framhaldsskólar og tekur jafnframt á móti hópum sem vilja kynna sér nám við skólann.

Allir nýnemar á listnámsbraut sjónlistadeildar eru boðaðir í viðtal á haustönn þar sem þjónusta náms- og starfsráðgjafa er kynnt. Nemendur deildarinnar, sem og allir aðrir nemendur dagskóla, eru hvattir til að nýta sér þjónustuna í sína þágu á meðan á námi stendur.

Námsráðgjafi heldur fyrirlestra um mál sem tengjast námi nemenda, t.d. tímaskipulag, frestun og námstækni. Fyrirlestrar eru haldnir í samráði við deildastjóra og á árinu 2017 voru slíkir fyrirlestrar haldnir fyrir nemendur sjónlistadeildar.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Erasmus+

– Menntaáætlun Evrópusambandsins

Á Erasmus+ styrk í námi og þjálfun á leik- grunn- og framhaldsskólastigi voru unnin tvö verkefni. Elsa Dórothea Gísladóttir og Guðrún Vera Hjartadóttir fóru til Bergen í Noregi í starfskynningu á vegum barnadeildar. Þær heimsóttu tvo skóla, annars vegar myndlistaskólann Bergen kulturskole og hins vegar leikskólann Bortigard Bornehavn. Þar fylgdust þær með störfum kennara og kynntust fjölbreyttum kennsluáferðum. Báðir skólarnir eru vinna með „action learning“ í starfi sínu við mat á kennslu og námi en Myndlistaskólinn er að innleiða þá aðferð í starf kennara á yngstu stigum t.d. í leikskólasamstarfinu í tengslum við samstarf sitt við Kulturprinsen í Danmörku.

Karlotta Blöndal kennari við skólann, sótti námskeið hjá Ítölsku akademíunni EUROPASS Teacher Training Academy. Námskeiðið hét *Hinir leyndu kóðar byggingalistar* (Secret Codes of Architecture) og fjallaði um tengsl geometríu, arkitektúrs og táknafræði í listum á miðöldum til endurreisnar. Farið var í gegnum helstu kenningar og kerfi er varða geometríu og stjörnufræði og birtast í arkitektúr og myndlist fyrri alda.

Innan starfsmenntahlutans fóru allir nemendur í diplómanámi við skólann ásamt kennurum í tveggja vikna námsferð til Evrópu.

Tveir nemendur sem lokið höfðu fyrra ári í textíl fóru í starfsnám um sumarið, annars vegar til Frakklands og hins vegar Hollands. Markmiðið var að nemendur öfluðu sér frekari sérhæfingar í þrykki, mynsturgerð, útsaumi og í rekstri fyrirtækis, auk þess sem nemendur kynntust því að vinna á erlendum vinnumarkaði.

Nemandi sem útskrifast vorið 2017 úr diplómanámi í keramíki fór í 12 mánaða starfsnám á verkstæði Egils Sæbjörnssonar í Berlín. Viðfangsefnið var að búa til fjölbreytta hluti úr leir og postulíni, allt frá vegg- og gólfplisum, matarstelli, blómavösum og skálum yfir í skúlpútra, klósettskálur og vaska. Nemandinn tekur þátt í verkefni sem Egill er að vinna í samstarfi við c.a. 2000 innflytjendur í Svíþjóð.

Guðbjörg Björnsdóttir fór í mánaðarlanga starfsþjálfun til Þýskalands í postulínsverksmiðjuna *Wagner & Apel Porzellan*. Guðbjörg er kennari við skólann og kennir m.a. börnum og unglingum gifsnotagerð.

Krístín Ragna Gunnarsdóttir, kennari við teiknideild skólans fór sem gestakennari til The Caithness Horizons Museum í Skotlandi. Þar hélt hún nokkur námskeið á Víkingahátíð safnsins þar sem hún kenndi nemendum að teikna myndasögur sem voru síðan yfirfærðar á refil. Eitt af markmiðum námskeiðsins var að kenna nemendum hvernig sterkar kvenpersónur eru settar fram í frásögn eins og gert er í Íslendingasögnum.



BARNA- OG UNGLINGAÐEILD

NÁMSKEIÐ FYRIR 4-16 ÁRA

Vorönn

Námskeið í barna-og unglingsdeild eru byggð upp sem heilsvetrarnámskeið og þar af leiðandi eru kennd sömu námskeið á vorönn og voru kennd á haustönninni á undan. Nemendur geta þó skráð sig einungis á aðra önnina ef þeir kjósa svo.

Námskeiðin sem fóru af stað á vorönn voru þessi:

- 4-6 ára - Myndlist
- 4-6 ára - Börn og foreldrar
- 6-9 ára - Myndlist
- 8-11 ára - Leirrennsla og mótun
- 8-12 ára - Leirrennsla og skúlptúr
- 10-12 ára - Teikning og málun, Myndlist, Myndasögur og myndrænar frásagnir, Teikning, Video- og hreyfi-myndagerð, „YouTube“-hrærivélin og Textíll, endalausir möguleikar
- 11-14 ára - Leirmótun og rennsla
- 13-16 ára - Teikning, málun og grafík, Leir og gifsnot

- leikur að formum, Teikning tekin lengra, Teikning, málun og blönduð tækni og „Animation“, vídeó og myndasögur

Samtals voru kennd 36 námskeið á vorönn. Tvö af þeim fóru fram í útibúi skólans í Miðbergi, líkt og árin á undan, og tvö námskeið í nýju útibúi skólans að Korpúlfsstöðum en kennsla hófst þar í febrúar.

Námskeið á vorönn voru kennd frá og með 9. janúar en kennsla á lauk 9. maí.

Vetrarfrí var frá og með laugardegnum 18. febrúar til og með þriðjudeginum 21. febrúar.

Páskafri var frá og með laugardegnum 8. apríl til og með þriðjudeginum 18. apríl.

Af þeim 297 nemendum sem sóttu námskeið við barna- og unglingsdeild á vorönn voru 259 með lögheimili í Reykjavík. 38 komu frá öðrum sveitarfélögum, flestir frá Seltjarnarnesi eða 13, 7 frá Kópavogi, 4 frá Garðabæ, 8 frá Hafnarfirði og 1 frá Álftanesi, Mosfellsbæ, Grindavík, Akranesi og Borgarnesi.

	Námskeið vor	Námskeið sumar	Námskeið haust	Nemendur vor	Nemendur sumar	Nemendur haust	Nemendur alls
4-5 ára	5	3	3	31		18	49
4-6 ára	1	3		5	16		21
6-9 ára	13	19	16	101	129	78	308
8-11 ára	2	1	2	17	11	11	39
8-12 ára	1		1	10		9	19
10-12 ára	8	10	9	76	80	58	214
11-14 ára	1		2	12		13	25
13-16 ára	6	4	5	46	39	42	127
Samtals	37	40	38	298	275	229	802

Sumarnámskeið

Sumarið 2017 var boðið upp á fjölbreytt úrval námskeiða fyrir börn á aldrinum 4-16 ára, sem kennarar deildarinnar höfðu sett saman. Námskeiðin voru þessi:

- 4-6 ára - Náttúruvannsóknir í myndlist. Hljýjar verur, hljómur og hreyfing
- 6-9 ára - Söguþráður, Hulduverur um allan heim og geim, Ímyndaðir heimar og jóga, Skapandi hreyfimyndagerð, Eitt og annað, Ævintýrin í bakgarðinum þínum og handan við hornið, Frumbyggjar, töfrar, mandölur og jóga, Myndlist og hljóðheimar, Allskonar list, Myndlist, náttúra og fjara, Hús og hvalir, kóngulær
- 8-11 ára - Leirskúlpútar og hljóðfæri
- 10-12 ára - Eitt og annað, Söguþráður, Ljós og skuggi, Hreyfimyndir og furðuverur, Hljýjar verur, hljómur og hreyfing, Teikning inni og úti og skáldað í eyðurnar, Hús og hvalir, kóngulær
- 13-16 ára - Hreyfi-, tón- og myndbönd, Ljósmyndun á filmu - frá auto til manual, Teikning inni og úti og skáldað í eyðurnar

Þó nokkur aukning frá fyrra sumri var á fjölda þeirra námskeiða sem fóru af stað. Þá voru námskeiðin 23 talsins en nú 37. Alls voru 274 nemendur skráðir á námskeiðin. Námskeiðin voru vikulöng, haldin 12.-30. júní, og aftur 8.-18. ágúst og kennd ýmist fyrir eða eftir hádegi í 3 klukkustundir í senn.

Kennarar á sumarnámskeiðum voru Arite Fricke, Björk Viggósdóttir, Cláudia Hausfeld, Guðný Rúnarsdóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Guja Dögg Hauksdóttir, Karlotta Blöndal, Margrét Norðdahl, María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir, Ninna Þórarinsdóttir, Sara María Skúladóttir, Sonný Þorbjörnsdóttir og Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir.

Haustönn

Á haustönn 2017 fóru af stað samtals 30 námskeið en það voru almenn námskeið í myndlist fyrir yngri hópinn og sérhæfðari námskeið fyrir eldri hópinn. Skráning gekk vel á nánast öll námskeiðin en 7 námskeið féllu niður vegna ónógrar þátttöku.

Pau námskeið sem voru í boði á haustönn voru:

- 4-5 ára - Myndlist
- 6-9 ára - Myndlist
- 8-11 ára - Leirrennsla og mótun
- 8-12 ára - Leirrennsla og skúlpútar
- 10-12 ára - Myndlist, Teikning og málun, Myndasögur og myndrænar frásagnir, Teikning, Video- og hreyfimyndagerð, „YouTube“-hrærivélin.
- 11-14 ára - Leirmótun og rennsla
- 13-16 ára - Teikning, málun og grafík, Leir og gifsmót - leikur að formum, Teikning, málun og blönduð tækni

Samtals voru 229 nemendur skráðir á námskeið í

barna- og unglingadeild á haustönn 2017. Af þeim voru 204 með lögheimili í Reykjavík. 25 komu frá öðrum sveitarfélögum, flestir frá Seltjarnarnesi eða 10, 5 frá Kópavogi, 1 frá Garðabæ, 5 frá Hafnarfirði og 1 frá Álftanesi, Hveragerði og Reykjanesbæ.

Námskeið á haustönn voru kennd frá og með fimmtudeginum 7. september en síðasti kennsludagur var mánudaginn 11. desember. Haustfrí var á sama tíma og í grunnskólum Reykjavíkurborgar eða 19. - 23. október. Jólafrí hófst 12. desember.

Kennarar á vor og haustnámskeiðum árið 2017 voru:

Baldur Björnsson, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Björk Viggósdóttir, Dagmar Atladóttir, Elva Hreiðarsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Guðný M. Magnúsdóttir, Guðný Rúnarsdóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Guja Dögg Hauksdóttir, Helga Óskarsdóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Ína Salóme Hallgrímsdóttir, Linda Ólafsdóttir, Lovísa Lóa Sigurðardóttir Margrét M. Norðdahl, María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir, Ninna Þórarinsdóttir, Ragnheiður Gestsdóttir, Rósa Gísladóttir, Svafa Björg Einarsdóttir, Tanja Huld Levý Guðmundsdóttir, Þorbjörg Jónsdóttir, Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir og Þuríður Ósk Smáradóttir.

Drafnarsteinn - sérverkefni

Samstarf var við leikskólann Drafnarstein en börn frá skólanum sóttu námskeið í Myndlistaskólanum líkt og þau hafa gert áður fyrir styrk sem þau fá árlega. 22 börn tóku þátt og var þeim skipt í fjóra hópa og kom hver hópur fimm sinnum. Elsa Dóróthea Gísladóttir og Guðrún Vera Hjartardóttir sáu um kennsluna og gekk samstarfið vel.

SAMSTARF VIÐ STARFSSTÖÐVAR SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS

Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg fyrir árið 2017 um áframhaldandi samstarf við skóla- og frístundasvið var endurnýjaður í lok júní. Komin er löng og góð reynsla af þessu samstarfi og hefur skólinn sett sér það markmið að við næstu endurnýjun hans verði hann skilgreindur til lengri tíma en eins árs.

Leikskólarnir Austurborg og Ösp

Börn frá leikskólunum Austurborg og Ösp sóttu skólann á haustönn en þeir voru valdir í kjölfar umsóknarferlis í samstarfi við skóla- og frístundasvið. Nemendur komu í litlum hópum (7 börn) í fylgd leikskólakennara og kom

Leikskólasamstarf	Fjöldi barna
Austurborg	14
Ösp	14
Samtals	28

hver hópur í 5 skipti. Tveir hópar frá hvorum leikskóla komu á haustönn en verkefnið heldur áfram á vorönn 2018. Innifalið í verkefninu eru endurmenntunarnámskeið fyrir allt starfsfólk leikskólanna og var Ösp með sinn endurmenntunardag 1. desember. Kennarar voru myndlistakonurnar Guðrún Vera Hjartardóttir og Ragnheiður Gestsdóttir.

Skólabrú

Á vorönn 2017 voru haldnar listbúðir í samstarfi við Melaskóla. Verkefnið var framhald af öðru sem kallaðist *Skólabrú* og var haldið fyrir nemendur í tveimur af fimm fyrstu bekkjum skólans á haustönn 2016. Þá tóku elstu börnin í tveimur leikskólum í hverfinu einnig þátt. Nemendur unnu í þrjá daga í Myndlistaskólanum en fjórða daginn settu þau upp sýningu í sínum heimasjóla þar sem verkefnið voru til sýnis fyrir aðra nemendur skólans og aðstandendur barnanna. Að þessu sinni tóku þátt í verkefninu nemendur í þremur 6 ára bekkjum, umsjónarkennarar þeirra, stuðningskennari og myndlistarkennari, auk fjögurra kennara Myndlistaskólans sem leiddu verkefnið.

Skólabrú	Fjöldi barna
Melaskóli	57
Laugaskóli	10
Laugarnesskóli	15
Samtals	82

Á haustönn 2017 fór af stað önnur Skólabrú þar sem saman komu nemendur í einum 1. bekk Laugarnesskóla og elstu nemendur í leikskólanum Laugasól. Verkefnið var hluti af norrænu rannsóknarverkefni sem skólinn

Barnamenningarhátíð

Á barnamenningarhátíð buðu barnadeildin og Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn upp á tvær listasmiðjur fyrir 6-12 ára börn. Smiðjurnar báru heitið *Hænan mín* og fóru fram í Húsdýragarðinum. Börnin kynntust hænunum; afbrigðum þeirra, litabrigðum, báðum kynjum og afkvæmum þeirra. Einnig skoðuðu börnin umhverfi hænanna og hvað þarf til að hafa hænur í garðinum og að þeim líði vel þar. Börnin unnu síðan áfram með listamanni. Umsjón með listasmiðjunum höfðu María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir kennari við skólann og Sigrún Thorlacius fyrir hönd Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

EVROPSKT SAMSTARF - börn, listir, menning, sjálfbærni

Barnadeild Myndlistaskólans hélt áfram samstarfi við Kulturprinsen sem hófst snemma árs 2016. Kulturprinsen er þróunarmiðstöð á sviði barnamenningar en verkefnið felast í því að þróa og veita menningarþjónustu, safna þekkingu og stuðla að samskiptum um börn, ungmenni og menningu.

Evrópsk menningarbörn

Verkefninu *Evrópsk menningarbörn* lauk á árinu. Stjórnandi verkefnisins var Kulturprinsen í Danmörku en þátttakendur voru sveitarfélög, skólar og stofnanir í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Lettlandi og á Íslandi. Myndlistaskólinn leiddi verkefnið hér á landi vann með Melaskóla og leikskólunum Hagaborg og Sæborg, en tónlistarskólinn Tóney og leikskólinn Reynisholt störfuðu saman. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar tók einnig þátt í verkefninu sem var hluti af samstarfssamningi sviðsins við skólann. Að auki veitti



tók þátt í og var sambærilegt við Skólabrúarverkefnið sem unnið var í Melaskóla, Hagaborg og Sæborg. Við rannsóknina er beitt aðferðum sem kallast „Action Learning“ eða starfendanám. Aðalmarkmiðið með verkefninu er að stuðla að því að menning og listir verði eðlilegur hluti af daglegu lífi barna en markhópurinn eru börn frá fæðingu til 8 ára aldurs. Verkefninu var enn fremur ætlað að vera brú milli skólastiga.

Sprotasjóður, Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri styrki til verkefnisins.

Á árinu voru tvær ráðstefnur haldnar í Danmörku í tengslum við verkefnið, annars vegar í maí þar sem farið var yfir stöðu verkefnisins og hins vegar í nóvember en þá fór fram lokaráðstefnan þar sem niðurstöður voru kynntar. Sigurlína Osuala og Guðrún Vera Hjartardóttir

kynntu verkefnið fyrir hönd skólans. Fulltrúar skólans sóttu einnig tvær ráðstefnur um börn, menningu og sjálfbærni á vegum Kulturprinsen í Silkiborg og Árósum.

Listasmiðjan Dýrlingar og borgarhlíð

Barnaeildin tók þátt verkefninu *Dýrlingar og borgarhlíð*. Verkefnið var skipulagt af Kulturprinsen í Danmörku. Upphafspunktur verkefnisins var 500 ára siðbótarafmæli. Markmið verkefnisins voru að kanna sameiginlega norræna menningararfleifð og sögu siðbótar ásamt því að yfirfæra hana í nútímalegt samhengi. Gefa börnum þvert á landamæri tækifæri til að upplifa sig sem hluta af evrópskri menningarsögu og arfleifð og auka þekkingu sína og skilning á áhrifum siðbótarinnar.

Sjö börn á aldrinum 11-12 ára sem voru á vetrarnámskeiðum tóku þátt í verkefninu. Börnin sóttu fjögurra daga námskeið í Myndlistaskólanum. Þar var m.a. farið í sögu siðaskiptanna á Íslandi og hvaða áhrif þau höfðu á íslenskt samfélag. Síðan var farið í vikuférfarir til Viborgar í Danmörku þar sem hópurinn hitti önnur börn frá Norðurlöndunum og Lettlandi. Þar tóku þau þátt í barnamenningarhátíðinni *Snapsting for Børn* þar sem þau tóku þátt í viðburðum, listsköpun og könnuðu og lærðu hvað er líkt og ólíkt með þjóðunum, ásamt því að skapa samfélag barna og fullorðinna þvert á landamæri.

Kennarar voru Dagmar Atladóttir og María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir.

Art Equal

Um miðjan nóvember fór deildarstjóri barnaeildarinnar á „Kick off“ fund í Silkiborg þar sem verkefnið *Art Equal* var kynnt. Markmið verkefnisins er að tryggja jafnan rétt allra barna til listsköpunar. Markhópurinn er börn



á aldrinum 0-10 ára með öðruvísi þarfar sem og börn innflytjenda. Verkefnið er styrkt af Erasmus+ og mun standa yfir fram í október 2019. Aðrir þátttakendur eru skólar og stofnanir í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Lettlandi.

Youth Art and Sustainability

Skólinn tók þátt í samstarfsverkefninu *Youth, Art and*

Sustainability með Ingunnarskóla og skóla í Skive, sem Kulturprinsen stjórnaði. Skóla- og frístundasvið stýrði verkefninu hér á landi. Tuttugu börn úr 9. bekk Ingunnarskóla tóku þátt en verkefnið tengdist Sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Tveir kennarar Ingunnarskóla unnu með hópnum ásamt Margréti M. Norðdahl og Curver Thoroddsen, kennurum við Myndlistaskólann. Þau hittu nemendur þrisvar og unnu með þeim í 15 klukkustundir í allt. Unglingarnir fóru síðan ásamt kennurum Ingunnarskóla í heimsókn til dönsku nemendanna og kynntu einnig verkefnið á ráðstefnu í Silkiborg.

Unnið verður áfram með verkefnið á vorönn 2018.

Heimsóknir í tengslum við Kulturprinsen

Myndlistaskólinn fékk nokkrar heimsóknir frá samstarfsaðilum Kulturprinsen sem er jákvæð þróun á þessu evrópska samstarfi. Sænska myndlistarkonan Anna Parry hélt stutt pappirnámskeið fyrir 15 leikskólabörn af leikskólanum Sæborg. Námskeiðið vakti mikla lukku bæði hjá börnum og kennurum. Þrjú leikskólakennarar frá leikskóla í Skive heimsóttu Myndlistaskólann og skoðuðu jafnframt nokkra leikskóla ásamt deildarstjóra barnaeildarinnar og gekk sú heimsókn mjög vel. Fimmtán kennarar og stjórnendur frá Silkeborg komu í heimsókn og fengu leiðsögn um skólann.



ALMENN NÁMSKEIÐ

NÁMSKEIÐ Á VORÖNN

Á vorönn voru haldin 33 námskeið á framhaldsskólastigi fyrir almenning. Flest voru kennd á kvöldin en nokkur þó á morgnana og í hádeginu. Haldin voru hefðbundin námskeið í teikningu, m.a. Teikningu 1 á Korpúlfsstöðum, módelteikningu, keramiki, formfræði (Form, rými, hönnun), málun og litaskynjun og þrír hópar sóttu námskeið í vatnslitamálu. Ný námskeið voru: Hugur með hönd (fyrir 60 ára og eldri), Litir í landslagi - málun, Spunatilraunir - rokkur og halasnælda, Myndskreytingar og myndasögugerð og Form, litir og flugdrekar - námskeið fyrir grunnskólakennara.

Kennsla hófst á miðvikudaginn 11. janúar og síðasti kennsludagur var þriðjudagur 2. maí.

Kennarar á vorönn voru: Anna Hallin, Anna Cynthia Leplar, Arite Fricke, Aron Reyrr Sværison, Ásthildur Magnúsdóttir, Elva Hreiðarsdóttir, Eygló Harðardóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðjón Ketilsson, Guðný M. Magnúsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Guja Dögg Hauksdóttir, Halldór Baldursson, Karlotta Blöndal, Kristín Gunnlaugsdóttir, Kristín R. Gunnarsdóttir, Kristín Hauksdóttir, Linda Ólafsdóttir, Lóa Hjálmtýsdóttir, Ólöf Erla Bjarnadóttir, Sigga Björg Sigurðardóttir, Sigríður Melrós Ólafsdóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Valgarður Gunnarsson, Þorri


Hringsson, Þóra Sigurðardóttir, Þórdís Aðalsteinsdóttir og Þuríður Ósk Smáradóttir.

NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN

Á haustönn fóru af stað 34 námskeið á framhaldsskólastigi, morgun-, hádegis- og kvöldtímar. Að vanda voru haldin námskeið í teikningu, módelteikningu, ljósmyndun, málun, vatnslitun, keramiki og formfræði. Nýtt námskeið í málun, Klassískar aðferðir var kennt af Jeannette Castioni og Jón Baldur Hlíðberg kenndi nýtt námskeið, Flóra og Fauna - teikning og vatnslitun. Styttir námskeið voru haldin í glerungagerð og glerjun og í kvikmyndafræði - Úr þögn í þrívídd. Einnig voru haldin nokkur stutt textílnámskeið; námskeið með þrjónahönnuðinum Stephen West og námskeið í vélþrjóni sem Christie Alexander frá Glasgow School of Art kenndi.

Fyrsti kennsludagur haustannar var fimmtudagur 31. ágúst og sá síðasti mánudagurinn 11. desember.

Kennarar á haustönn voru: Anna C. Leplar, Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Elva Hreiðarsdóttir, Eygló Harðardóttir, Guðný M. Magnúsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Guja Dögg Hauksdóttir, Halldór Baldursson, Jeannette Castioni, Jón Baldur Hlíðberg, Katrín Elvarsdóttir, Karlotta Blöndal, Kristín Gunnlaugsdóttir, Kristín



Ragna Gunnarsdóttir, Kristín Hauksdóttir, Kristín Reynisdóttir, Kristinn Harðarson, Linda Ólafsdóttir, Lóa Hjálmtýsdóttir, Oddný Sen, Ólöf Erla Bjarnadóttir, Sigga Björg Sigurðardóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Svafa Björg Einarsdóttir, Valgarður Gunnarsson og Þórunn María Jónsdóttir.

NÁMSKEIÐAPRENNNA

Skólinn býður upp á námskeiðapakka í kvöldskóla fyrir fólk sem hefur hug á að fara í framhaldsnám í myndlist, hönnun, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum en hefur ekki tæk á að sækja fornám í dagskóla. Tekin eru þrjú námskeið á önn en mælt er með að tekin séu námskeiðin:

- * Teikning 1
- * Litaskynjun
- * Gróðurhús hugmyndanna
- * Teikning 2
- * Módelteikning
- * Form, rými, hönnun

Þeir sem sækja þessi námskeið á önn í þessum tilgangi fá 30% afslátt af námskeiðsgjöldum og í kaupbæti hefur verið boðið upp á fyrirlestur um ljósmyndun tví- og þrívíðra verka og viðtal um möppu.

Árið 2017 nýttu 33 nemendur þetta námstilboð - 19 á vori og 14 á hausti.


Vor 2017	Fjöldi námskeiða	Fjöldi nemenda
Endurmenntun	2	12
Form, rými og hönnun	1	10
Keramík	5	51
Ljósmyndun	1	9
Málun	9	85
Teikning	11	119
Tetil námskeið	4	48
Samtals	33	334

Haust 2017	Fjöldi námskeiða	Fjöldi nemenda
Emdurmenntun	2	14
Form, rými og hönnun	1	12
Keramík	7	61
Ljósmyndun	1	10
Málun	6	50
Teikning haust	11	92
Sérnámskeið (vinnustofur)	2	24
Textil námskeið	4	31
Samtals	34	294



STARFSFÓLK 2105 - 2017

Rekstrarsvið:	2015	2016	2017	2017
Skólastjóri	100%	100%	100%	Áslaug Thorlacius
Bókasafn	62%	60%	55%	Ragnhildur Blöndal
Bókhald og fjármál	100%	100%	100%	Björg Elín Pálsdóttir
Skrifstofa	262%	257%	273%	Ína Salóme Hallgrímsdóttir - Margrét Birgisdóttir - Helga Björk Ottósdóttir - Halldóra Ingimarsdóttir
Erasmus		30%	30%	Sigurlína M Osuala
Ræstingar	100%	119%	122%	Krzysztof Kisielewski - Wieslawa Kisielewska
Umsjónarmaður húss og tækja	94%	92%	95%	Sigurjón Gunnarsson
Almenn námskeið - deildarstjórn	40%	39%	35%	Anna C Leplar - Margrét Nordahl
Barnaeild - deildarstjórn	90%	70%	76%	Sigurlína M Osuala - Charlotta R Macgnúsdóttir
Keramikdeild - deildarstjórn & umsjón	50%	95%	92%	Ólöf Erla Bjarnadóttir - Puriður Ósk Smáradóttir - Svafa Björg Einarsdóttir
Sjónlistadeild - deildarstjórn	149%	75%	75%	Einar Garibaldi Eiríksson
Teikning - deildarstjórn	50%	50%	52%	Anna Cynthia Leplar
Textill - deildarstjórn	50%	52%	52%	Ragna Fróðadóttir
Málun - deildarstjórn		34%	52%	Jón B K Ransu
Rekstrarsvið samtals	1147%	1172%	1210%	
Fastir starfsmenn	21	20	17	
Launþegar alls	86	54	100	
Verktakar alls	113	136	139	
Samtals launþegar og verktakar	199	190	239	



SJÓNLISTADEILD

Deildarstjóri: Einar Garibaldi Eiriksson

Skipulag og uppbygging deildarinnar er í nokkuð föstum skorðum. Sem fyrr eru margir áfangar keyrðir samhliða á fyrra ári listnámsbrautar og í fornámi á haustönninni og með sama hætti á seinna ári listnámsbrautar og í fornámi á vorönninni. Á árinu var ráðist í nokkrar hagræðingar og breytingar innanhúss er voru í senn til mikilla bóta fyrir nemendur og kennara. Má þar nefna ný vinnuborð og stóla, tilfærslu á vöskum, sérstakar grindur og hillur fyrir persónulega muni og verkefni nemenda, tilfærslu á geymslum og endurbætur á aðstöðu fyrir kennara. Hefur þetta, ásamt verulegri fjölgun á tölvum í tölvuveri og aðgengi að nýjustu forritum, verið til mikillar hagræðingar við skipulag og kennslu innan deildarinnar og fyrir sjálfstæða vinnu nemenda.

KENNSLA Á VORÖNN 2017 HÓFST 4. JANÚAR.

VORÖNN 2017

Áfangar og kennarar á vorönn:

Áfangar á fyrra ári listnámsbrautar

Íslenska II: Halla Kjartansdóttir

Enska II: Louise Harris

Listasaga II: Aldís Arnardóttir

Kvikmyndafræði II: Oddný Sen í samstarfi við Bíó Paradís

Menningarlæsi II: Jón B.K. Ransu

Módelteikning II: Þórdís Aðalsteinsdóttir

Margmiðlun II: Dodda Maggý

Stærðfræði I: Frímenn Kjerúlf

Teikning II: Jóhanna K. Sigurðardóttir

og Sigríður Björg Sigurðardóttir

Verkstæði I: Jóhanna K. Sigurðardóttir og Sigríður

Björg Sigurðardóttir (Flötur), Dodda Maggý (Tími)

og Guðrún Vera Hjartardóttir (Rými)

Möppugerð I: Katrín Elvardsdóttir

Heilsurækt II / Jóga: Margrét M. Norðdahl

Áfangar á síðara ári listnámsbrautar

Menningarlæsi IV: Haraldur Jónsson

Stærðfræði II: Frímenn Kjerúlf og Ráðhildur Ingadóttir

Íslenska IV: Heiðar Kári Rannversson

Listasaga IV: Heiðar Kári Rannversson

Hugmyndavinna III: Benedikt H. Hermannsson



Áfangar í fornámi

Módelteikning II: Guðrún Vera Hjartardóttir,

Valgarður Gunnarsson og Sólveig Aðalsteinsdóttir

Listasaga VI: Ragna Sigurðardóttir

Sameiginlegir áfangar á síðara ári listnámsbrautar og í fornámi

Litafærði II: Eygló Harðardóttir, Susanne Bruyn-

zeel og Sigtryggur B. Baldvinsson

Möppugerð III: Magnús Valur Pálsson og Erling T.V.

Klingenberg

Hugmyndavinna III: Erling T.V. Klingenberg

Margmiðlun IV: Helga Óskarsdóttir (Vefhönnun),

Katrín Elvardsdóttir (S/H ljósmyndun) og Lee Lorenzo

Lynch (Videó)

Teikning IV: Eygló Harðardóttir, Elsa D. Gísla-

dóttir og Guðjón Ketilsson

Verkstæði II: Logi Bjarnason (Flötur), Lee Lorenzo

Lynch og Kolbeinn Hugi Höskuldsson (Tími),

Örn Alexander Ámundason (Rými)

Verkstæði III / Lokaverk: Guja Dögg Hauksdóttir, Finnur

Arnar Arnarson og Erling T.V. Klingenberg

Í febrúar opnuðu nemendur á fyrra ári listnámsbrautar sýningu í Gallerí Tukt þar sem þeir sýndu afrakstur verkefnavinnu sinnar í Margmiðlun II undir handleiðslu Doddu Maggýar. Vorsýning skólans var haldin í húsnæði skólans að Hringbraut 121. Þar sýndu nemendur fyrra árs verkefnavinnu úr íslenskuáfangan en útskriftarnemendur

á listnámsbraut og í fornámi sýndu sjálfstæð verk sem þau unnu í áfanganum Verkstæði III - Lokaverk.

Brautskráningarathöfn skólans fór fram að Kjarvalsstöðum 23. maí. Þar útskrifuðust 38 nemendur frá deildinni, 10 nýstúdentar af listnámsbraut og 28 nemendur úr árs fornámi (sjá lista yfir brautskráða nemendur aftast í skýrslunni).

Inntökupróf fyrir skólaárið 2017-18 var haldið með hefðbundnum hætti 26. maí en auk þess var boðið upp á að taka það með rafrænum hætti. Prófið var þrískipt: teikniverkefni/uppstilling sem jafnframt þurfti að lita með vatnslit, frjálst verkefni út frá kveikju og áhugasviðskönnun þar sem umsækjendur sögðu frá eftirminnilegum listamanni, sýningu eða viðburði. Umsækjendur skiluðu því til viðbótar heimaverkefni sem fólst í því að teikna útsýn um glugga.

Eygló Harðardóttir, Elsa Dórothea Gísladóttir og Einar Garibaldi Eiríksson mátu úrlausnir og völdu inn nemendur. Nefndin var sammála um að gæði úrlausna væru slík að ákveðið var taka inn heldur fleiri nemendur en undanfarin ár. 21 nemendi var tekinn inn á fyrra ár listnámsbrautar og 32 í fornámið. 18 nemendur héldu áfram frá síðasta skólaári á síðara ári listnámsbrautar. Að auki hóf 1 fyrrverandi nemandi nám að nýju á fyrra ári. Alls hófu því 72 nemendur nám á haustönn 2017.

Heiðars Kára Rannverssonar um verk Richard Serra og Yoko Ono og unnu verkefni í framhaldi af því. Í september fóru nemendur á seinna ári listnámsbrautar í skólaferðalag til Prag. Þar heimsóttu þau m.a. skóla, söfn og sýningar og kynntust listamönnum á vinnustofum sínum, en ferðin var hluti af áföngum í teikningu og menningarlæsi. Nemendur unnu að verkefnum undir handleiðslu Erling T.V. Klingenberg sem jafnframt var fararstjóri hópsins.

Áfangar og kennarar á haustönn:

Áfangar á fyrra ári listnámsbrautar

Hugmyndavinna I: Guðrún Vera Hjartardóttir

Íslenska I: Haraldur Jónsson

Margmiðlun I: Laufey Elíasdóttir og Kristín Bogadóttir

Stærðfræði I: Ráðhildur Ingadóttir

Menningarlæsi I: Einar Garibaldi

Listasaga I: Ástríður Magnúsdóttir

Kvikmyndafræði I: Oddný Sen í samstarfi við Bíó Paradís
Heilsurækt I / Jóga: Margrét M. Norðdahl

Áfangar á síðara ári listnámsbrautar

Bókagerð: Ragnhildur Jóhannsdóttir

Hugmyndavinna II: Erling T.V. Klingenberg

Stærðfræði II: Frímánn Kjerúlf

Enska II: Louise Harris

Teikning III: Margrét H. Blöndal og Erling T.V. Klingenberg



HAUSTÖNN 2017

Skólinn var settur föstudaginn 18. ágúst kl. 13:00. Setningin fór fram í módelstofu og eftir að skólastjóri hafði boðið nemendur velkomna til starfa og kynnt starfsmenn skólans fóru nýir nemendur um skólann og kynntust húsnæðinu undir leiðsögn eldri nemenda. Deildarstjóri kynnti nemendur fyrir uppbyggingu, skipulagi og helstu áherslum í námi, ásamt því að miðla upplýsingum um helstu verkfæri og námsefni sem nemendur þyrftu að tryggja sér. Kennsla hófst síðan af fullum krafti mánudaginn 21. ágúst og lauk fyrstu vikunni með sameiginlegu skólaferðalagi allra nemenda deildarinnar til Viðeyjar. Þar nutu nemendur leiðsagnar

Starfsumhverfi II: Karlotta Blöndal

Módel III: Brynhildur Þorgeirsdóttir, Jóni Jónsdóttir og Elsa D. Gísladóttir

Margmiðlun III: Dodda Maggy

Möppugerð II: Magnús V. Pálsson og María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir

Listasaga III: Aldís Arnardóttir

Menningarlæsi III: Susanne Bruynzeel

Íslenska III: Halla Kjartansdóttir og Þórunn María Jónsdóttir

Áfangar í fornámi

Hugmyndavinna I: Örn Alexander Ámundason og Una

Margrét Árnadóttir

Margmiðlun I: Laufey Elíasdóttir, Kristín Bogadóttir og Friðgeir Helgason

Bókagerð: Ragnhildur Jóhannsdóttir

Margmiðlun II: Dodda Maggý

Möppugerð: Magnús V. Pálsson og María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir

Starfsumhverfi: Jóna Hlíf Halldórsdóttir og Karlotta Blöndal

Listasaga V: Ragna Sigurðardóttir

Listheimspeki og menningarläsi I: Jón B.K. Ransu

Sameiginlegir áfangar á fyrra ári listnámsbrautar og í fornámi

Teikning I: Elsa D. Gísladóttir, Eygló Harðardóttir og Karlotta Blöndal

Módelteikning I: Guðrún Vera Hjartardóttir, Ingólfur Arnarsson og Sólveig Aðalsteinsdóttir

Litafræði I: Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Susanne Bruynzeel og Þórunn María Jónsdóttir

Formfræði I: Guja Dögg Hauksdóttir, Ingólfur Arnarsson og Unnar Örn Auðarson

Formfræði II: Guja Dögg Hauksdóttir, Finnur Arnar Arnarson, Sólveig Aðalsteinsdóttir og Þórarinn Blöndal

Síðasti kennsludagur fyrir jólafrí var föstudagur 15. desember.

Kennarar

Stundakennarar við sjónlistadeild voru samtals 48 á árinu 2017, en auk þeirra kom fjöldi fyrirlesara og annarra sérfræðinga að kennslunni. Einar Garibaldi Eiríksson var deildarstjóri í 75% starfi en auk þess kenndi hann nokkra áfanga.



Nemendur

Á vorönn 2017 hófu 59 nemendur nám í sjónlistadeild: 18 nemendur á fyrra ári listnámsbrautar - 17 luku önninni. 11 nemendur á síðara ári listnámsbrautar - 10 luku önninni með stúdentsprófi. 34 nemendur í eins árs fornámi - 31 lauk náminu.

Á haustönn hófu 59 nemendur nám í sjónlistadeild: 18 nemendur á fyrra ári listnámsbrautar - 17 luku önninni. 11 nemendur á síðara ári listnámsbrautar - 10 luku önninni. 30 nemendur í eins árs fornámi - 38 luku önninni.



LISTNÁMSDEILD

FYRIR NEMENDUR MEÐ ÞROSKAHÓMLUN



Deildarstjóri: Margrét M. Norðdahl

Tveggja ára nám í myndlist.

Á vorönn lauk fyrsti hópur nemenda með þroskahömlun tveggja ára námi í myndlist. Náminu er ætlað að gefa nemendum færi á að próa hæfileika sína í faglegu náms- umhverfi. Áhersla er lögð á frjótt vinnuferli og fjölbreytta möguleika í tækni, efni og aðferðum. Markmiðið er að nemendur eflist og öðlist aukinn almennan skilning á sjónlistum, listasögu og nútímalist. Með tæknilegri þjálfun og þekkingu á ólíkum listmiðlum fá nemendur tækifæri til að finna sína persónulegu leið í sjálfstæðri listsköpun.

Nemendur við deildina voru 12.

Vorönnin skiptist í 2 áfanga.

Í fyrri áfanga rifjuðu nemendur upp efni, tækni og aðferðir sem þau höfðu kynnst á undanengnum þremur önum

og unnu hugmyndavinnu fyrir lokaverkefni. Ennfremur útbjuggu þau möppu til að kynna verk sín. Nemendur kynntust jafnframt nokkrum samtímalistamönnum og hönnuðum og öðluðust innsýn í starfsumhverfi myndlistarmanna og hönnuða.

Kennarar voru Margrét M. Norðdahl, Lee Lorenzo Lynch og Kolbeinn Hugi Höskuldsson.

Gestafyrirlesarar voru Jóna Hlíf Halldórsdóttir formaður SÍM og Einar Garibaldi Eiríksson deildarstjóri sjónlistadeildar.

Farið var í heimsókn á vinnustofur myndlistafólksins Eyglóar Harðardóttur og Unnars Arnar Auðarsonar.

Í seinni áfanga unnu nemendur sjálfstæð lokaverk sem sýnd voru á vorsýningu skólans. Kennarar voru Margrét M. Norðdahl og Lee Lorenzo Lynch

Vinnustofa

Tveir hópar sóttu vinnustofu í myndlist fyrir fólk með þroskahömlun, bæði vor og haust.


Á vorönn voru þátttakendur samanlagt 13 en á haustönn voru þeir 24, 12 í hvorum hópi.

Vinnustofan er vettvangur sjálfstæðrar vinnu listafólks með þroskahömlun undir handleiðslu listamanns. Þátttakendur hafa margir unnið að list sinni um langt skeið en þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í myndlist er boðið

uppá kennslu í tækni, efni og aðferðum. Vinnustofan er þannig sérsníðin að þörfum hvers og eins en henni er ætlað að verða listafólkinu hvatning og leið til þess að halda listiðkun sinni áfram. Jafnframt er markmiðið að víkka áhugasvið þeirra og getu í myndlist.

Umsjón með vinnustofu: Margrét M. Norðdahl

Kennarar: Margrét M. Norðdahl, Kristinn G. Harðarson, Lee Lorenzo Lynch og Helga Óskarsdóttir.





MÁLARALIST

VOR 2017

Deildarstjóri: Jón BK Ransu

B HLUTI – LÍKAMI MÁLVERKSINS

Hverri önn er skipt í tvo hluta. Á fyrri hluta tileinka nemendur sér ýmsar grunnaðferðir, tækni og efnistöð og leysa verkefni sem kennarar leggja fyrir. Á seinni hluta vinna nemendur sjálfstætt og beita þá þeirri þekkingu og hæfni sem þeir hafa öðlast í vinnu með eigið myndmál. Það má hugsa þessa uppbyggingu sem innöndun og útöndun.

Hver önn er byggð upp á ákveðnu þema. Þemað á vorönn 2017 var líkamleiki málverksins og það hvernig efni hegðar sér á misjöfnum grunni og við það að mismunandi áhöldum er beitt.

Á B önn miðaðist fyrri hlutinn við efla efnisþekkingu og kenna íblöndun ólíkra efna þar sem nemendur voru upplýstir um þá möguleika sem felast í ýmsum efnisaðferðum málalaristarinnar. Í síðari hluta störfuðu nemendur meira sjálfstætt á verkstæði. Markmiðið var að þau nýttu þær aðferðir sem þau höfðu lært í fyrri hlutanum til að þróa málverk sín.

Vorönnin hófst á tveggja vikna áfanga, grunnaðferðir 2 sem **Jeannette Castioni** kenndi. Jeannette hafði kennt grunnaðferðir 1 á fyrstu önn og var áfanginn beint framhald af honum. Í grunnaðferðum 2 var m.a. kennt að búa til og beita eggt temperu að hætti endurreisnarlistamanna.

Guðrún Einarsdóttir kenndi efni og aðferðir í 3 vikur og kynnti íblöndun efna sem breyta hegðun olíu á fleti.

Í módelteikningu og módelmálun lagði **Svanborg Matthíasdóttir** áherslu á anatóníu og **Kristín Gunnlaugsdóttir** tók fyrir myndbyggingu í stuttum áfanga undir efnunum og aðferðum.

Hugmyndavinna var í höndum **Halldórs Ragnarssonar** og listfræðikennslunni skiptu þeir **Prándur Þórarinnsson** og **Jón B. K. Ransu** á milli sín. Ransu sá einnig um vikulega málstofu á móti **Jóni Proppé**.

Verkstæði var hrint af stað undir leiðsögn **Bjarna Sigurbjörnssonar** sem lagði áherslu á að nemendur tengdu vinnu sína við áfangann efni og aðferðir. Leiðbeinandi í síðari hluta verkstæðis var svo **Hulda Stefánsdóttir** sem lauk önninni með að undirbúa nemendur fyrir vörðsýningu sem haldin var í skólanum. Sýning málaraeildar var í málarasalnum.

Á önninni heimsóttu tveir gestir deildina í einn dag hvor, ræddu við nemendur og rýndu í verk þeirra. Fyrri gesturinn var **Anna Jóelsdóttir** listakona en sá síðari var **Gauthier Hubert** próffessor við listaakademíuna í Brussel.

HAUST 2017

C HLUTI – TILRAUNIR MED MÁLVERKIÐ

Þema haustannar var tilraunir með málverkið bæði í tengslum við efnisnotkun og hugmyndir um flötinn.

Önnin hófst á hápunktinum, 12 daga ferð til Hollands sem farin var með styrk frá Erasmus. Deildarstjóri málalaristar, **Jón B. K. Ransu**, fór sem kennari í ferðina, skipulagði hana og leiddi. Ferðin hófst í Haag þar sem hópurinn heimsótti Voorlinden samtímalistasafnið, Borgarlistasafnið, Panorama Mesdag og Mauritshuis. Í því síðastnefnda voru meðal annars verkin *Stúlka með perlueyrnalokk* og *Útsýni yfir Delft* eftir Johannes Vermeer til sýnis. Í framhaldi hélt hópurinn til Delft og stillti sér upp í sporum Vermeers og málaði sama útsýnið 356 árum síðar. Farin var dagsferð til Rotterdam til að skoða Boijmans Van Beuningen safnið og Rotterdam Kunsthall. Einnig var hópnun boðið á opnun á verkum líbönsku listakonunnar Rana Hamadeh í sýningarrýminu Witte de With.

Eftir heimsókn í Konunglegu listaakademíuna í Haag var haldið til Amsterdam þar sem hópurinn skoðaði Van Gogh safnið og Ríkislistasafnið. Ferðin var í samvinnu við Stichting 59 Poort og **Stan Klammer** listamaður frá þeim tók á móti hópnun í Ríkislistasafninu og leiddi nemendur gegnum teikniæfingar á ýmsum

meistaraverkum sem safnið hefur að geyma. Á heimili Rembrandts, Rembrandthuis, tók annar listamaður frá Stichting 59 Poort, **Mieke Marx**, á móti hópnum og sýndi innbú og vinnuástöðu meistarans. Nemendur fengu sýnikennslu í því hvernig meistarinn bjó til olíuliti og leiðsögn um grafíkverkstæði hans. Á grafíkverkstæði unnu nemendur ætingar að hætti Rembrands í leiðsögn Mieke og prentuðu þær í 100 ára gamalli pressu sem CoBrA málarinn Lucebert hafði átt.

Nemendur fóru í vinnustofuheimsóknir til fimm samtímalistamanna hjá Stichting 59 Poort, þ.á.m. Stan Klamers og Mieke Marx, sem sýndu listþyrstum nemendum verk sín og vinnuáferðir. Rietveld akademían var heimsótt en þar unnu nemendur verkefni í samvinnu við nemendur í skartgripadeild Rietveld. Frans Hals safnið í Haarlem var skoðað og í Steedelijk safninu voru skoðaðar yfirlitssýningar á verkum Dubuffets og Edvard Krasinskis og safneign.

Þegar heim var komið unnu nemendur úr ferðinni undir leiðsögn Jóns B. K. Ransu og skrifuðu fræðilega greinargerð um ferðina hjá **Vali Brynjari Antonssyni**. Valur leiddi einnig málstofur á önninni ásamt Jóni B. K. Ransu og **Kristínu Gunnlaugsdóttur**.

Þessa önn voru nemendur í heimspeki og þar var Valur Brynjar líka í kennarahlutverkinu. Þá kenndi hann stuttan áfanga í skrifum listamanna sem nýttist nemendum í portfólíógerð sem var hluti af undirbúningi nemenda fyrir umsóknir um framhaldsnám. **Pétur Thomsen** aðstoðaði nemendur í ljósmyndun fyrir portfólíó og **Anton Kaldal** leiddi þau gegnum hönnun og uppsetningu.

Vatnslitamálan er gjarnan viðhaldið í málalastinni og stýrði **Anna Rún Tryggvadóttir** tilraunum með vatnsliti og efni.

Eygló Harðardóttir kom inn með áfanga þar sem gerðar voru ýmsar litfræðitilraunir og **Davíð Örn Halldórsson** kynnti ýmiskonar blandaða tækni, s.s. lakk, sprej, þrykk og klastur.

Módelteikningu og módelmálun kenndu **Helgi Þorgils Friðjónsson** og **Svanborg Matthíasdóttir** sem leiðbeindi nemendum að mála mólur í fötum.

Ingunn Fjóra Ingbórsdóttir kenndi hugmyndavinnu og lagði áherslu á rannsóknir fyrir málverk.

Önninni lauk svo með verkstæði í umsjón **Loga Bjarnasonar**.

Gestur þessa önnina, fyrir utan hollensku listamennina sem kenndu teikningu og ætingu, var **Marta María Jónsdóttir**.



KERAMIK

Deildarstjóri: Ólöf Erla Bjarnadóttir/Sigurlína Osuala

VOR 2017

Á vorönn 2017 var kenndur B hluti - Efni.

B hluti skiptist í áfangana: Hugmyndavinna - efni, rannsóknarleiðangur og efni og aðferðir en hann skiptist í gífsmótagerð, efnafræði, tilraunastofu og hönnunarsögu.

Umsjónarkennarar voru Hanna Dís Whitehead, Hildur Ýr Jónsdóttir og Ólöf Erla Bjarnadóttir

Kennarar auk þeirra voru Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Elísabet Ingvarsdóttir, Hrafnkell Birgisson og Sigurlína Osuala. Gestakennari, Þóra Finnsdóttir kom frá Danmörku og kenndi nemendum í eina viku.

Nemendur: 11 nemendur stunduðu nám í B hluta. Af þeim útskrifuðust 3 með diplómu eftir tveggja ára nám. Einn nemandi hætti námi að loknu eins árs námi við deildina.

Í B hluta er áhersla lögð á tilraunir með postulín og gífsmót. Postulínsverkin sem koma úr mótunum eru skorin sundur og þeim skeytt saman á nýjan hátt, nemendur skiptast á verkum og mótum og allt blandast saman þar til úr verða ný verk sem eru í raun bæði samvinnuverk og einstaklingsverk.

Samkvæmt venju var farið í tveggja vikna ferð til Þýskalands og skoðaðar postulínsverksmiðjur, verkstæði söfn, skólar ofl.

Keramikdeildin tók þátt í HönnunarMars og voru verk nemenda sýnd í glugga verslunarinnar Kirsuberjatréd. Verkin voru afrakstur tilraunavinnustofu sem haldin var undir leiðsögn Þóru Finnsdóttur, Hönnu Dísar Whitehead og Hildar Ýrar Jónsdóttur. Í vinnustofunni voru gerðar ýmsar tilraunir með mót og postulín og rannsökuðu nemendur m.a. form, efni, áferð og samsetningu ólíkra hluta.

Önninni lauk með sýningu í húsnæði Myndlistaskólans og var sýndur afrakstur skólaársins. Prófdómari var Tinna Gunnarsdóttir.

HAUST 2017

Á haustönn 2017 var kenndur C hluti - Innri gerð. C hluti skiptist í áfangana: Efni og aðferðir - rennsla, efni og aðferðir - glerungar, heimspeki, teikning og portfólíó, sjálfstætt verkefni og tölvustudd hönnun. Umsjónarkennarar voru Brynhildur Pálsdóttir og Ólöf Erla Bjarnadóttir. Kennarar auk þeirra voru Anna Hallin, Arnbjörg Drífa Káradóttir, Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Christian Bruun, Jonathan Keep, Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Magnús Valur Pálsson, Sigurlína Osuala, Valur Brynjar Antonsson og Vígfús Birgisson.

Nemendur: 3 nýir nemendur voru teknir inn í C hluta á haustönn 2017. 11 nemendur stunduðu nám í C hluta og luku 8 þeirra 23 einingum, ígildi 30 ECTS eininga. 3 nemendur féllu í áfanganum tölvustudd hönnun og luku því einungis 20 einingum eða ígildi 26 ECTS eininga.

Áhersla í vinnu annarinnar var mestmegnis á rennslu, þ.e. tæknina við að renna leir á rennibekk og samhæfingu líkama og hugar sem er mjög mikilvægur þáttur í að ná valdi á rennslu. Hugmyndavinna var unnin meðfram og í nánnum tengslum við rennsluna. Meginuppistaðan í vinnu annarinnar voru nokkur verkefni sem unnin voru samhliða út frá rennslutækni og hugmyndavinnu. M.a. fékk hver nemandi í hendurnar stutta textalýsingu á formi leirhlutar, hugsanlegu hlutverki, mögulegum uppruna og stærð hlutarins. Aðaleinkennin voru dregin fram í textanum en margt var óljóst. Með skissu- og rannsóknarvinnu var leitað að forminu, notagildi, áferð, skreyti, lit og fleiru. Nemandi reyndi að sjá út í stóru og smáu með rannsókn sinni, hvernig hlutur þetta væri og hvernig hann gæti litið út. Textalýsingin var yfirferð yfir í teikningar og formið próað í tvívídd áður en byrjað var að renna í steinleir. Verkefnið krafðist þess að nemendur væru leitandi, forvitnir, óhræddir við að fara ótroðnar slóðir við að ímynda sér og próa ný form. Útkoman var persónulegt verk sem byggði á textalýsingu og rannsókn.

Lögð var áhersla á að fá nokkra keramikera til að kenna rennslu því hver og einn þróar eigin aðferðir og tækni við

rennsluna og gott er fyrir nemendur að læra mismunandi aðferðir.

Jonathan Keep, breskur keramikur kenndi tölvustudda hönnun og lærðu nemendur að teikna form í þrívíddarforritinu Blender og prenta með keramik þrívíddarprentara.

Önninni lauk með yfirferð þar sem nemendur kynntu verkefnið sem byggði á textalýsingu. Auk kennara áfangans og deildarstjóra var Sólveig Aðalsteinsdóttir viðstödd en hún var prófdómari.

Á árinu komu tveir skiptinemar frá Pekka Halonen Academy í Finnlandi og stunduðu nám í 6 vikur hvor. Báðir skiptu dvölinni á milli keramik- og textíleildar.





TEIKNING

Deildarstjóri: Anna C Leplar

B-HLUTI, VORÖNN 2017

B-önn skiptist í 4 áfanga: Myndræn frásögn, rannsóknarleiðangur, letur/handrit/meningasaga og fræðsla og rannsóknir. Auk þess lærðu nemendur myndvinnslu í tölvu og módelteikningu. Sjónrænar dagbækur voru vikulega á stundaskránni mestan hluta annarinnar.

Kennarar: Anna C Leplar, Birgir Ómarsson, Bjarni Hinriksson, Halla Sólveig Þorgeirsdóttir, Halldór Baldursson, Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Linda Ólafsdóttir, Ragnheiður Gestsdóttir, Þorri Hringsson og Alexis Deacon sem kom frá Bretlandi til að kenna í deildinni í fjórða sinn. Ýmsir aðrir teiknarar héldu fyrirlestra fyrir nemendur.

Nemendur: Sextán nemendur stunduðu nám á önninni.

Á B-önn er unnið með frásögnina í gegnum margvíslega teiknimíðla og aðferðir, ljós og lýsingu, myndbyggingu, andrúmsloft og stemningu. Nemendur læra að leita heimilda í vinnu með sannsögulegt efni. Áhersla er lögð á að myndgera hugmyndaheima, sköpun karaktera, frásagnarmátt myndarinnar, skapandi skrif og myndskreið. Unnið er með letur á myndrænan hátt og umbrotsforrit eru notuð. Nemendur læra einnig grunnatriði í vinnu með Photoshop. Verkefni taka flest mið af aðfengnum texta. Á B önn er markmiðið að nemendur skili verkum sem sýna fram á hæfni til að takast á við ólík markmið og stíla.

Á önninni fengu nemendur líka tækifæri til að vikka sjóndeildarhring sinn með innsýn í aðra menningarheima í námsferð til Evrópu en að þessu sinni var farið til Bretlands. Kennararnir Anna C Leplar, Bjarni Hinriksson og Kristín Ragna Gunnarsdóttir fóru með og höfðu umsjón með verkefnum. Nemendur kynntust fjölmörgum öðrum skólum en farið var í heimsókn í Glasgow School of Art, University of Cumbria, Kingston University, Cambridge School of Art, Anglia University,

University of the Arts Bournemouth, University of the Creative Arts í Farnham. Farið var á ýmis söfn og gallerí og skissubókin var alltaf við hendina. Ferðin veitti nemendum mikinn innblástur og markvissri úrvinnslu að henni lokinni lauk með sýningu í skólanum.

Vorsýning skólans var haldin í skólanum og tókst mjög vel og vakti mikla hrifningu fjölda gesta. Nemendur teiknideildar sýndu sín verk í módelasal skólans.

C-ÖNN, HAUST 2017

C-önn skiptist í 3 áfanga: Hreyfing og myndræn frásögn, litur, form og rými og hugarheimar. Auk þess tóku nemendur áfanga í tölvu (Photoshop, InDesign og AfterEffects) sem að þessu sinni voru kenndir í uppfærðu tölvuveri skólans. Heimspekítímar voru vikulega, módelkennsla nokkrum sinnum á önninni og sjónrænar dagbækur einu sinni í viku.

Kennarar: Anna C Leplar, Bjarni Hinriksson, Brian Pilkington, Eygló Harðardóttir, Halldór Baldursson, Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Lára Garðarsdóttir, Magnús Valur Pálsson, Pétur Atli Antonsson, Ragnheiður Gestsdóttir og Valur Antonsson.

Nemendur: Fimmtán nemendur stunduðu nám á C-önn.

Nemendur héldu áfram að þjálfra frásagnartækni og myndmál og þróa persónulegan stíl í túlkun og útfærslu verkefna. Meiri áhersla er á tölvunotkun við teikningu og úrvinnslu mynda á C önn en öðrum önnum.


Nemendur fóru í fyrsta sinn í litarannsóknir og lærðu litaskynjun. Áhersla var lögð á frásagnartækni og fjölbreytni í miðlum og tækni. Kennarar komu úr ólíkum áttum, t.d. var mikið fjallað um teiknimyndagerð og tvívíða karaktermótun, bæði á pappír og með þar til gerðum forrit og tækjum. Nemendur lærðu m.a. á AfterEffects og nýttu þá þekkingu við gerð myndskreiða í tölvunum. Samhliða tölvuvinnunni unnu nemendur mikla hefðbundna teiknivinnu, m.a. með módel.

Í lok ágúst tóku nemendur að sér verkefni í samvinnu við IBBY á Íslandi og Rauða kross Íslands. Verkefnið fólst í því að skreyta stóra bókakassa sem síðan voru gefnir flóttafólki, fullir af bókum á íslensku og þeirra móðurmáli. Verkið var unnið undir handleiðslu Ragnheiðar Gestsdóttur sem einnig er formaður IBBY samtakana.

Nemendur unnu ýmis smærri verkefni sem fjölluðu um form og rými. Þau hönnuðu útlit og markmið fyrir tölvuleik í hópvinnu og kynntu niðurstöður sínar með fornlegum hætti.

Valur Antonsson kenndi heimspeki og einnig akademísk og skapandi skrif á önninni.





TEXTÍLL

Deildarstjóri: Ragna Fróðadóttir

VORÖNN: B HLUTI 2017 - UMhverfi

B hluti skiptist í 5 áfanga: Mynsturgerð, litagreiningu og teikningu, þrykk og litun, skapandi þrjón, textílpott og rannsóknarleiðangur sem er námsferð til Evrópu.

Kennarar: Ragna Fróðadóttir, Þuríður Sigurþórsdóttir, Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Tanja Huld Levi Guðmundsdóttir, Helga Pálína Brynjólfssdóttir, Arnþrúður Ösp Karlsdóttir, Halldóra Arnardóttir, Stephen West, Magnea Einarsdóttir, Gabriela Sanchez Y Sanchez, Una Baldvinsdóttir.

Fyrirlesarar: Stephen West hélt fyrirlestur um eigin feril og þrjónaaðferðir. Hann hélt einnig tveggja daga námskeið fyrir nemendur. Jessica Hemmings prófessor hélt fyrirlestur um handverk og vinnuafli, Gabriela Sanchez Y Sanchez kynnti eigin verk sem hönnuð og Kyoshi Yamamoto, textillistamaður hélt fyrirlestur um sín verk.

Nemendur: Tólf nemendur stunduðu nám á önninni og luku 30 eininga námi. Einn nemandi lauk tveggja ára diplómanámi um vorið.

Á B-önn er áhersla lögð á hugmyndavinnu og mynsturgerð með þjálfun í teikningu, skissuvinnu, litagreiningu og vinnuferli. Nemendur skissuðu og þróuðu teikningar sínar yfir í mynstur fyrir þrykk, unnu verkefni í myndrænni rannsóknarvinnu og litagreiningu og settu upp „moodboard“ sem varð síðan grunnur að hönnunarvinnu þeirra í þrjónaáfanganum. Nemendur hönnuðu mynstur bæði í höndunum og í tölvu, yfirfærðu þau á silkiramma og þrykktu símynstur á efni. Samhliða þrykkinu lærðu þau að lita efni og þráð.

Í þrjónaáfangi var sú nýbreytni að nemendur lærðu jöfnum höndum ýmsar grunnaðferðir í handþrjóni og vélþrjóni. Hluti af vinnuferlinu í þrjónaáfanganum var fölginn í hugmyndavinnu og valdi hluti nemenda að vinna með hönnun í tengslum við mögulega þrjónalínu

á meðan annar hluti vann myndlistaverk. Nemendur lærðu grunnatriði í möppugerð og í framhaldi fengu þau námskeið með mexíkóska hönnuðinum Garbíelu Sanchez Y Sanchez sem fjallaði um sjálfsmynd hönnuðar.

Í vikulegum textílpotti hittu nemendur Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur sem kenndi sjónræna vinnubók og fléttaðist sú vinna inn í aðra áfanga á önninni.

Í lok annar var farið í námsferð til Evrópu og hófst ferðin í París þar sem var farið á sýningar og söfn og skólar og fyrirtæki tengd textil heimsótt. Eitt elsta útsaumsfyrirtæki Parísarborgar, Atelier Lesage var heimsótt og fengu nemendur fyrirlestur um sögu og núverandi starfsemi fyrirtækisins. Einnig voru smærri fyrirtæki heimsótt eins og Indigólitunarstúdíó Anais Gueri og Trend Union þar sem nemendur fengu fyrirlestur um áralanga starfsemi Li Edelkoort sem er þekktasti trendspámaður heims. Frá París var haldið til London þar sem dvalið var í tæpa viku. Í London og nágrenni voru heimsóttir skólarnir Central Saint Martin, UCA Farnham og Royal School of Needlework. Farið var í dagsferð til Margate á Turner Contemporary safnið þar sem sýningin *Entangled* stóð yfir, viðamikil myndlistasýning á textilverkum eftir 40 listakonur en hluti af undirbúningi nemenda fyrir ferðina hafði verið fölginn í að vinna verkefni og fyrirlestra um þá sýningu. Frá London var farið til Skotlands þar sem farið var í heimsókn í Glasgow School of Arts og Heriot Watt University. Alls voru sex framleiðslufyrirtæki í textil heimsótt í Englandi og Skotlandi.

HAUSTÖNN: C HLUTI 2017

Hugmyndavinnu - hugmyndaþróun

C hluti skiptist í 6 áfanga: Vélþrjón, þrykk, vefnað, efni og aðferðir, textílpott og heimspeki.

Annarstjóri: Ragna Fróðadóttir

Kennarar: Þuríður Rós Sigurþórsdóttir, Christie Anne Alexander, Magnea Einarsdóttir, Anita Hirlekar, Helga

Pálína Brynjólfssdóttir, Helga Björk Ottósdóttir, Þórunn María Jónsdóttir, Thelma Björk Jónsdóttir, Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Valur Antonson, Jon Pettersen, Maria Sjöfn Dupuis.

Fyrirlestrar: Anita Hirlekar fjallaði um eigin hönnun, Steinunn Sigurðardóttir fjallaði um eigin hönnun og þrjón í faglegu samhengi, Jon Pettersen hélt fyrirlestur um sín verk, Christie Alexander fjallaði um eigin vinnu og listamaðurinn James Merry fjallaði um útsaum í eigin verkum og spjallaði við nemendur og þeirra verk.



Nemendur: Tveir nýir nemendur komu inn á C önn. Báðir sækja námið til eins árs og taka það sem viðbót við annað nám. Annar hefur lokið BA-prófi í fatahönnun við LHÍ og hinn BEd-prófi frá HÍ. Alls voru 11 nemendur á C- önn.

Markviss hugmynda- og rannsóknarvinna fléttast inn í öll námskeið á önninni. Hún hófst á tveggja vikna áfanga í teikningu og í kjölfarið fylgdu tækniáfangar í textíl. Tveir erlendir gestakennarar kenndu á önninni, Christie Alexander frá Glasgow School of Art sem kenndi þrjón og Jon Pettersen frá Listaakademiunni í Bergen sem kenndi vefnað. Nemendur lærðu nýjar aðferðir til að útfæra hugmyndir í þrjón og samhliða hönnunarvinnu lærðu þau nýja tækni og dýpkuðu þekkingu sína á vélþrjóni. Fata- og textilhönnuðurinn Thelma Björk Jónsdóttir kenndi útsaum og hugmyndavinnu út frá hugleiðslu og yoga og Þórunn María Jónsdóttir kenndi

fjölbreyttar aðferðir til að vinna efni yfir í þrívídd. Þrjú kennarar komu að áfanga í þrykki og mynsturgerð. Anita Hirlekar kenndi hugmyndavinnu og mynsturgerð. Síðan tók Helga Pálína við og kenndi þrykk og að lokum kenndi Helga Björk nýjar aðferðir í þrykki, annarsvegar að nota málffilmu og hinsvegar að þrykkja með efni sem gefur þrívíða áferð. Í þrykkáfanganum lærðu nemendur aðferðir til að vinna mynstur og skissur beint í efnið, yfirfæra þá vinnu yfir á stafrænt form til að prenta í metrávis. Nemendur sóttu vikulega tíma hjá Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur í sjónrænni vinnubók með áherslu á skissuvinnu fyrir mynsturgerð. Námskeið í heimspæki hjá Vali Antonsoni var sömuleiðis kennt vikulega. Í lok annar fengu nemendur leiðsögn í mynd- og textavinnslu í tölvu og skiluðu bæði útprentaðri ferilmöppu og möppu á stafrænu formi.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM STARFSEMI SKÓLANS ÁRIÐ 2017

VORÖNN 2017 samtals:	nemendur	fjöldi námsk.	kennslust.	kennarar
Fullt nám				
Listnámsbraut- 2ja ára nám til stúdentsprófs / fyrra ár	17	12	1847	16
Listnámsbraut- 2ja ára nám til stúdentsprófs / seinna ár	10	12		20
Fornám- eins árs áfanganám í grunnatriðum sjónlista	31	9		19
Keramikbraut	11	5	598	8
Teiknibraut	16	5	598	10
Textílblaut	12	5	598	11
Listmálarabraut	10	6	598	10
Myndlist fyrir nemendur með þroskahömlun	12	2	112	3
Almenn námskeið				
Almenn námskeið	341	34	1593	33
Endurmenntunar- og sumarnámskeið	6	1	45	3
Börn og ungt fólk				
Barna- og unglínganámskeið	298	37	1270	22
Sérstyrkt verkefni	79	2	143	6
Sumarnámskeið	275	40	712	14
Listbúðir erlent samstarf	7	1	59	2
HAUSTÖNN 2017 samtals:	nemendur	fjöldi námsk.	kennslust.	kennarar
Fullt nám				
Listnámsbraut- 2ja ára nám til stúdentsprófs / fyrra ár	17	13	2240	21
Listnámsbraut - 2ja ára nám til stúdentsprófs / seinna ár	10	12		16
Fornám - eins árs áfanganám í grunnatriðum sjónlista	38	13		25
Keramikbraut	11	6	598	12
Teiknibraut	15	5	598	11
Textílblaut	11	6	598	12
Listmálarabraut	10	8	598	12
Myndlist fyrir nemendur með þroskahömlun	0	0	0	0
Almenn námskeið				
Almenn námskeið	288	33	1455	29
Endurmenntunarnámskeið	6	1	16	1
Börn og ungt fólk				
Barna- og unglínganámskeið	229	38	955	26
Samstarf við Reykjavíkurborg	53	3	90	5
Listbúðir erlent samstarf	22	1	46	2

FJÖLDI NEMENDA - SAMANBURÐUR MILLI ÁRA

VORANNIR	2017	2016	2015	2014	2013
Fullt nám					
Listnámsbraut- 2ja ára nám til stúdentsprófs / fyrra ár	17	15	16	16	11
Listnámsbraut- 2ja ára nám til stúdentsprófs / seinna ár	10	16	12	12	23
Fornám- eins árs áfanganám í grunnatriðum sjónlista	31	34	41	32	17
Keramikbraut	11	12	14	12	20
Teiknibraut	16	15	16	13	13
Textílblaut	12	14	12	14	12
Listmálarabraut	10				
Myndlist fyrir nemendur með þroskahömlun	12	12			
Almenn námskeið					
Almenn námskeið	341	252	265	315	156
Samstarfsverkefni / Almenn námskeið	0	13	19	24	28
Endurmenntunar- og sumarnámskeið	6	6	19	31	95
Börn og ungt fólk					
Barna- og unglínganámskeið	298	238	193	226	202
Dymbilvíkunámskeið	0	0	0	0	18
Leikskólasamstarf		39	38	25	28
Samstarfsverkefni barnadeildar	79	52	0	0	0
Sumarnámskeið	275	194	167	215	213
Listbúðir erlent samstarf	7	0	7	0	0
HAUSTANNIR	2017	2016	2015	2014	2013
Fullt nám					
Listnámsbraut- 2ja ára nám til stúdentsprófs / fyrra ár	17	18	19	20	18
Listnámsbraut - 2ja ára nám til stúdentsprófs / seinna ár	10	11	15	13	13
Fornám - eins árs áfanganám í grunnatriðum sjónlista	38	30	35	42	35
Keramikbraut	11	13	11	14	13
Teiknibraut	15	16	15	16	14
Textílblaut	11	13	15	13	14
Listmálarabraut	10	11			
Myndlist fyrir nemendur með þroskahömlun	0	12	12		
Almenn námskeið					
Almenn námskeið	288	229	202	228	227
Samstarfsverkefni / Almenn námskeið	0	16	13	21	25
Endurmenntunarnámskeið	6	0	32	0	67
Börn og ungt fólk					
Barna- og unglínganámskeið	229	198	198	199	217
Leikskólasamstarf	28	27	39	0	26
Listbúðir grunnskóla	0	0	184	0	93
Samstarfsverkefni barnadeildar	25	0	0	0	0
Listbúðir erlent samstarf	22	77	0	13	0
Fjöldi nemenda milli ára:	1835	1572	1609	1514	1602

BRAUTSKRÁÐIR NEMENDUR 2017

Sjónlistadeild

Eins árs áfanganámi í grunnatriðum sjónlista

28 nemendur luku námi 23. maí 2017

Agnés Freyja Björnsdóttir

Andrea Hauksdóttir

Andri Pór Arason

Anna Vilhjálmsdóttir

Ásta Vilhjálmsdóttir

Brynja Steinþórsdóttir

Ewa marcinek

Heiðdís Buzgo

Heimir Snær Sveinsson

Hildur Helga Jóhannsdóttir

Ingibjörg Soffía Oddsdóttir

Jóna Diljá

Katla Joséphine R. Taylor

Kristín Ferrell

Kristján Steinn Kristjánsson

Lydía Hrönn Kristjánsdóttir

Margrét Halla Valdimarsdóttir

Ragnheiður Skúladóttir

Rakel Andrésdóttir

Salka Hauksdóttir

Sóldís Finnbogadóttir

Sóley Tómasdóttir

Sunna Axelsdóttir

Svanhvít Ásta Jónsdóttir

Sölvi Steinn Þórhallsson

Teitur Emil Vahapassi

Tihomira mitkova Toleva

Pórir Freyr Höskuldsson

Sjónlistadeild

Tveggja ára námsbraut til stúdentsprófs

10 stúdentar brautskráðir 23. maí 2017

Alexander Hugo Gunnarsson

Anna Kristín Shumeeva

Högná Jónsdóttir

Kristinn Daníel Sigurðsson

Kristján Thorlacius Finnson

Margrét Dúadóttir Landmark

Ronja Mogensen

Eygló Hildur Hafliðadóttir

Mótun -diplómanám

- ígildi 120 ECTS eininga

4 luku diplómanámi 23. maí 2017

Björk Gunnlaugsdóttir

Dilja Ómarsdóttir

Edda Katrín Ragnarsdóttir

Guðrún Jóna Halldórsdóttir

Textíll - diplómanám

- ígildi 120 ECTS eininga

1 lauk diplómanámi 23. maí 2017

Guðný Sigurmundsdóttir

Myndlist fyrir nemendur með

proskahömlun

12 nemendur luku námi 23. maí 2017

Atli Már Indriðason

Ásdís Henný Pálsdóttir

Birkir Sigurðsson

Elín Fanney Ólafsdóttir

Gígja Garðarsdóttir

Halldóra Jónsdóttir

Ísak Óli Sævarsson

Kristín Hrefna Halldórsdóttir

Sigrún Huld Hrafnadóttir

Sigurður Reynir Ármannsson

Þorvaldur Arnar Guðmundsson

Þórunn Klara Hjálmarsdóttir

Útskriftarnemendur skólans ásamt deildarstjórum og skólastjóra fyrir utan Kjarvalsstaði.



FÉLAGATAL MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK

Andrea Fanney Jónsdóttir	Halldóra Ingimarsdóttir	Margrét Birgisdóttir
Anna Cynthia Leplar	Hallsteinn Sigurðsson myndhöggvari	Margrét H. Blöndal
Anna Guðjónsdóttir	Haraldur Jónsson	Margrét Friðbergisdóttir
Anna Þóra Karlsdóttir	Helgi Gíslason	Margrét Norðdahl
Anna Hallin	Herdís Ellen Gunnarsdóttir	Margrét Zophoníasdóttir
Anna Hrunð Másdóttir	Herdís Tómasdóttir	Ólöf Erla Bjarnadóttir
Anna Sigurðardóttir	Hildigunnur Birgisdóttir	Ólöf Nordal
Arnþrúður Ösp Karlsdóttir	Hildur Ýr Jónsdóttir	Ósk Vilhjálmsdóttir
Áslaug Thorlacius	Hildur Bjarnadóttir	Páll Thayer
Ásthildur Magnúsdóttir	hildur Steinþórsdóttir	Ragna Fróðadóttir
Baldur Björnsson	Hlíf Ásgrímsdóttir	Ragnhildur Blöndal
Birgir Snæbjörn Birgisson	Hrafnkell Birgisson	Ragnheiður Gestsdóttir
Bjarki Bragason	Hrönn Magnúsdóttir	Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur
Bjarnheiður Jóhannsdóttir	Inga Þórey Jóhannsdóttir	Ragnhildur Stefánsdóttir
Bjarni Hinriksson	Ingibjörg Böðvarsdóttir	Shauna Laurel Jones
Björg Elín Pálsdóttir	Ingibjörg Jóhannsdóttir	Sigríður Björg Sigurðardóttir
Björk Guðnadóttir	Ingólfur Arnarsson	Sigríður Erla Guðmundsdóttir
Borghildur Óskarsdóttir	Ína Salóme Hallgrímsdóttir	Sigríður Helga Hauksdóttir
Brynhildur Pálsdóttir	Jóhann Torfason	Sigríður Melrós Ólafsdóttir
Brynhildur Þorgeirsdóttir	Jón Axel Björnsson	Sigrún Guðmundsdóttir
Búi Kristjánsson	Jón Bergmann Kjartansson Ransú	Sigrún Ólöf Einarsdóttir
Daði Guðbjörnsson	Jón Proppé	Sigtryggur Bjarni Baldvinsson
Einar Garibaldi Eiríksson	Kari Ósk Grétudóttir	Sigurður Guðmundsson
Elísa Björg Þorsteinsdóttir	Karl Jóhann Jónsson	Sigurður Þórir
Elsa Dórothea Gísladóttir	Karlotta Blöndal	Sigurjón Gunnarsson
Erla Stefánsdóttir	Kolbeinn Hugi Höskuldsson	Sigurlaug Lövdahl
Eygló Harðardóttir	Kolbrún S. Kjarval	Sigurlína Margrét Osuala
Finnur Arnar Arnarson	Kristinn Guðbrandur Harðarson	Sólveig Aðalsteinsdóttir
Frimann Kjerúlf	Kristinn Helgason	Svanborg Matthíasdóttir
Gerður Leifsdóttir	Kristín Gunnlaugsdóttir	Tinna Gunnarsdóttir
Guðbjörg Káradóttir	Kristín Hauksdóttir	Unnar Örn Jónasson
Guðjón B. Ketilsson	Kristín Ísleifsdóttir	Valgerður Bergsdóttir
Guðný M. Magnúsdóttir	Kristín Ragna Gunnarsdóttir	Vígfús Birgisson
Guðný Rúnarsdóttir	Kristín Reynisdóttir	Vilhjálmur Þorsteinsson
Guðrún Einarsdóttir	Kristján Steingrímur Jónsson	Þorbjörg Höskuldsdóttir
Guðrún Hannesdóttir	Krzysztof Kisielewski	Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Guðrún Vera Hjartardóttir	Kristrún Thors	Þorri Hringsson
Guja Dögg Hauksdóttir	Lísa Guðjónsdóttir	Þóra Sigurðardóttir
Gunnar Einarsson	Louise Harris	Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir
Hafdís Helgadóttir	Magnea Einarsdóttir	Þórunn Maggý Kristjánsdóttir
Halldór Baldursson	Magnús Gestsson	Þórunn María Jónsdóttir





MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK